

Skrifa fyrir alla aldurshópa



Piparkakan er ómissandi



Ég get svarað þér hvar og hvenær sem er á tm.is

Menning > 22

Lífið > 24

FRÉTTABLAÐIÐ

256. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 23. NÓVEMBER 2022



Pau verða ekki mikið stærri verkefni en þau sem Valsmenn tókust á við í gærkvöld er stórveldið Flensburg mætti á Hlíðarenda. Þrátt fyrir fjarveru lykilmanna voru stjórnur í hverri stöðu þýska liðsins, meðal annars Teitur Örn Einarsson. Salurinn var fullur enda ekki oft sem svo stórt lið mætir hingað. Flensburg leiddi með þremur mörkum er Fréttablaðið fór í prent. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR**

Dýrkeypt aðgerðaleysi í orkumálum

Staðreyndir um áskoranir hitaveitu á Íslandi þarf að skoða í því samhengi að áralöng pattstaða vegna rammaáætlunar reynist nú þjóðinni dýr að sögn ráðherra og orkumálastjóra.

bth@frettabladid.is



Halla Hrund Logadóttir, orkumálastjóri



Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

ORKUMÁL Áralöng pattstaða vegna karps um rammaáætlun hefur reynst Íslandi kostnaðarsöm á tímum vaxandi orkuskorts. Þetta segir Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Íslendingar hafa undanfarið verið

hvattir til að spara heitt vatn og hafa orðið umræður um að hitaveitan sé ekki sjálfbær auðlind. Guðlaugur Þór nefnir að ramminn hafi verið stopp í níu ár. Á sama tíma hafi litlar rannsóknir verið stundaðar og nánast engin ný orkuöflun átt sér stað. Pattstaðan hafi reynst dýr. „Ramminn snýst líka um heitt

vatn, ekki bara rafmagn,“ segir Guðlaugur Þór. Í þessu samhengi nefnir hann að Orkuveita Reykjavíkur nýti 1.200 megavatta uppsett afl af heitu vatni og þurfi fyrirtækið að tvöfalda framleiðslu sína til ársins 2060 til að mæta fjölgun íbúa. Þess má geta að Kárahnjúkavirkjun er um 700 megavött.

Halla Hrund Logadóttir orkumálastjóri bendir á að ef áform um fiskeldi á landi verði að veruleika skapist eftirspurn eftir heitu vatni sem nemi þörf allra höfuðborgarbúa í dag.

Um pattstöðu rammaáætlunar segir hún: „Að ferlið skyldi taka svona langan tíma skapaði tortryggni á báða bóga.“ Orkumálastjóri segir rammaáætlun mikilvægt töl en einnig þurfi að huga að skilvirkni.

„Að taka ekki tíðari ákvarðanir en gert var er óásættanlegt og hefur vitaskuld haft áhrif á þróun hitaveitunnar hér á landi,“ segir Halla Hrund. **SJÁ SÍÐU 6**

Nýtni-hagkerfið á hraðri uppleið

VIÐSKIPTI Í Bandaríkjunum hefur markaður með notuð fót vaxið 21 sinni hraðar en sala á nýjum varningi síðustu þrjú árin.

„Þar sem markaðurinn svarar einstaklega vel kröfum neytenda um fjölbreytni, verðgildi og sjálfbærni reiknum við með áframhaldandi miklum vexti,“ segir Neil Saunders, framkvæmdastjóri thredUP.

Endursölumarkaðurinn, sem kalla mætti nýtni-hagkerfið, er ný stoð í íslensku efnahagslífi. „Líklegt er að nýtni-hagkerfið sé einn mest vaxandi partur íslensks atvinnulífs,“ segir Þór Sigfússon, stjórnarformaður Sjávarklasans. **SJÁ SÍÐU 11**

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE

SVÖRTUDAGUR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR. FRAMLENGD SKIL.

Persónuvernd og Landspítala stefnt

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Íslensk erfðagreining hefur stefnt Persónuvernd og Landspítalanum vegna úrskurðar Persónuverndar er lýtur að skimunum. Málið hefur þegar verið þingfest og fer fyrirtakan fram á morgun.



Málið snýst um öflun samþykkis Covid-sjúklinga fyrir notkun blóðsýna.

Í nóvember lauk Persónuvernd þremur málum vegna vinnslu upplýsinga í tengslum við Covid-19 faraldurinn hjá Íslenskri erfðagreiningu (ÍE), Landspítala og sóttvarnalækni. Í einu þeirra var úrskurðað að öflun samþykkis Covid-sjúklinga fyrir notkun blóðsýna í þágu vísindarannsókna hefði ekki samrýmst persónuverndarlögum. Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, gagnrýndi úrskurðinn mjög hart og tilkynnt var að fyrirtækið myndi leita réttar síns. Allar ákvarðanir og aðgerðir sem starfsmenn ÍE hafi gripið til hafi verið bornar undir sóttvarnalækni og verið með blessun hans. Einnig að hagsmunir fyrirtækisins séu miklir. Standi úrskurðurinn óbreyttur gæti það misst alla erlenda samstarfsaðila. ■

Fjölmennt samninganefnd



Samninganefnd Eflingar fundaði með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins hjá ríkissáttasemjara í gær. Fulltrúar Eflingar voru margfalt fleiri. Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, sagði í gærkvöld að viðræður hefðu ekki gengið sem skyldi en að engan bilbug væri að finna á Eflingarfólki. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Segir Finna ganga í NATO fyrir frið

ragnarjon@frettabladid.is

ALÞJÓÐAMÁL Vinnufundur Sönnu Marin, forsætisráðherra Finnlands, og Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra Íslands, hófst í gær. Fundað var í Norræna húsinu en síðar var boðið til opinnar málstofu í Þjóðminjasafninu. Tilgangur heimsóknarinnar er að ræða aðildarumsókn Finna að Atlantshafsbandalaginu og öryggismál í Evrópu. Einnig voru samstarfsmöguleikar þjóðanna ræddir. Möguleg samstarfsverkefni varða stöðu geðheilbrigðismála hjá ungu fólki og baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi. Sagði Katrín að löndin stefndu á að vinna saman gegn einelti og ofbeldi á internetinu. Sanna Marin undirstrikaði sérstaklega mikilvægi aðildarviðræðna Finnlands og Svíþjóðar við NATO. „Finnar munu ganga í NATO í nafni friðar,“ sagði Sanna Marin og ítrekaði að innganga landanna í



Sanna Marin og Katrín Jakobsdóttir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

NATO ætti að tryggja öryggi en ekki auka á óvinsemd gegn Rússlandi. Sanna Marin sagði að þar sem Finnland deili lengstu landamærum nokkurrar Norðurlandþjóðar með Rússum væri aðild landsins að NATO nauðsynleg. Innrás Rússa hafi kollvarpað veruleika Finna sem nú séu mun hlynntari aðild. „Áður voru það einungis 20 prósent sem vildu ganga í NATO en nú er það í kringum 80 prósent,“ sagði Sanna Marin við blaðamenn. ■

Íslendingar forvitnir um þakkargjörðarhátíðina

Sala á kalkúni á þessum árstíma hefur aukist frá ári til árs en þakkargjörðarhátíðin er á morgun og þá tíðkast að borða kalkún. Bandarísk kona sem býr á Íslandi segir Íslendinga forvitna um hátíðina.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Þakkargjörðarhátíðin er á morgun en Bandaríkjamenn halda upp á hátíðina fjórða fimmtudag í nóvember ár hvert. Fleiri og fleiri á Íslandi fagna þakkargjörðinni með hverju árinu. Segir Helgi B. Sigurðsson, sölustjóri Ísfugls, sölu á kalkúni á þessum árstíma aukast frá ári til árs. „Þetta er að seljast mjög vel,“ segir Helgi. „Það sem er að gerast aftur núna er að mötuneytin eru að taka við sér aftur eftir Covid, það er algengt að mötuneyti bjóði starfsfólki sínu upp á þakkargjörðarmáltíð,“ bætir hann við. Helgi segir misjafnt hvort fólk kaupi heila kalkúna, kalkúnaskip eða -bringur. „Mötuneytin kaupa mest bringur en það er fjölbreyttara hjá einstaklingum.“

Jessica LoMonaco býr á Íslandi en er frá Bandaríkjunum. Hún fagnar alltaf þakkargjörðarhátíðinni og segir hana að mestu snúast um matinn. „Hefðin í kringum þakkargjörðina er sú að koma saman, hafa gaman og borða allt of mikinn mat,“ segir Jessica. Hún eldar kalkún, sætar kartöflur með sykurbrað, fyllingu og kartöflustöppu. „Svo er alltaf eitthvað grænt með líka, til dæmis rósakál,“ segir hún. En trönuþerjasósa? „Já, alltaf svoleiðis, hana nota ég beint úr dósinni,“ segir Jessica. „Ég hef búið hana til sjálf, gerði það til dæmis í fyrra en það er svo mikil



Jessica LoMonaco segir hefðina vera að hittast og borða of mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Það er algengt að mötuneyti bjóði starfsfólki sínu upp á þakkargjörðarmáltíð.“



Helgi B. Sigurðsson, sölustjóri Ísfugls

nostalgía í því að fá hana beint úr dósinni,“ segir hún. Jessica býður íslenskum vinum í mat, ásamt vinum sem búið hafa í Bandaríkjunum og enn fleirum sem eru þaðan. „Það er ekki mikið af fólki frá Bandaríkjunum á Íslandi en þetta er sérstaklega skemmtilegt fyrir fólk sem þekkir þessa hefð, til dæmis fyrir Íslendinga sem ólust upp í Bandaríkjunum.“ Þá segir Jessica Íslendinga sérstaklega forvitna um þakkargjörðarhátíðina. „Þau spyrja mörg fleiri spurninga en ég gerði þegar ég var barn,“ segir hún og hlær. „En það er ekkert skrítið, ég ólst upp við að læra um það af hverju þessi hátíð er haldin. Flest af því er bara bull, þetta er í grunninn uppskeruhátíð sem snýst um að koma saman og borða,“ segir Jessica. ■

Sjálfvirkur opnunarbúnaður og snertilausir rofar frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

JARN&GLER
Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

SVARTUR FÖSSARI

**Stærsta tilboðsvika
ársins er hafin**

**NÝ TILBOÐ
ALLA VIRKA DAGA
VIKUNNAR**

ELKO



Skoða skilaboð um áformaða árás

erlamaria@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Lögreglan hefur til skoðunar skilaboð sem gengið hafa manna á milli, þar sem fólk er varað við því að fara út á lifið í miðbæ Reykjavíkur um næstu helgi.

Í skilaboðunum er staðhæft að þeir sem urðu fyrir stunguárás á Bankastræti Club um síðustu helgi hafi í hyggju að leita hefnda og skipuleggi nú stunguárás, bæði á dyraverði sem og almenna borgara.



Margeir Sveinsson, aðstoðar yfir-lögregluþjónn

„Við erum bara að meta þetta og teljum okkur vita svona nokkuð hvaðan þetta kemur. Þannig að við ætlum að reyna að stoppa þetta í fæðingu,“ segir Margeir Sveinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn. ■



Niu félög standa að málsókninni.

Turnfélög í mál við Kringluna

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Níu fyrirtæki með aðstöðu í Kringluturninum hafa kært rekstrarfélag Kringlunnar. Ástæðan er sú að þeim er gert að taka þátt í markaðskostnaði sem þau njóta ekki góðs af. Meðal annars Kringlukasti, Boltalandi og ýmsum auglýsingakostnaði. Markaðskostnaður rekstrarfélagsins var 530 milljónir á fjórum árum.

Meðal kærenda eru fasteignasala, verkfræðistofa, ráðgjafarfyrirtæki og ferðaþjónustufyrirtæki. En á heimasíðu Kringlunnar eru ekki einu sinni upplýsingar um fyrirtækin í Kringluturninum.

Samkvæmt Lúðvík Erni Steinarsyni, lögmanni fyrirtækjanna, hefur kærunefnd húsamála þegar fallist á sjónarmið þeirra en rekstrarfélagið ekki gert leiðréttingar. Því fer málið fyrir héraðsdóm og verður tekið fyrir í desember. ■

Rio Tinto vill fé eða land í bætur frá Hafnarfirði

kristinnhaukur@frettabladid.is

HAFNARFJÖRDUR Rio Tinto á Íslandi sem rekur álverið í Straumsvík, ISAL, vill bætur frá Hafnarfjarðarbæ vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar. Þegar hefur Vegagerðin boðið bætur, en aðeins fyrir hluta þess lands sem tekinn er undir veginn.

Vegagerðin tilkynnti Rio Tinto í mars síðastliðnum að rúmlega 85 þúsund fermetrar aflandi álversins færu undir veginn. En þetta er land sem álverið keypti af Hafnarfjarðarbæ árið 2004.

arabæ árið 2004 þegar fyrirhugað var að byggðir yrðu tveir nýir ker-skálar. Stækkun álversins var hins vegar felld í íbúakosningu í mars árið 2007.

Bótatilboð Vegagerðarinnar undanskilur hins vegar tæplega 20 þúsund fermetra, sem eru undir núverandi vegstæði á grundvelli þess að Vegagerðin hafi ekki gefið samþykki sitt fyrir sölnunni árið 2004.

„Þar sem ISAL keypti allt landið af Hafnarfjarðarbæ árið 2004 telur fyrirtækið eðlilegt að til komi

»

Álverið metur land-skikann á 25 milljónir króna.

bætur fyrir þessa 19.612 fermetra enda vill fyrirtækið ekki afhenda landið endurgjaldslaust,“ segir í bréfi Bjarna Más Gylfasonar, upplýsingafulltrúa ISAL.

Kemur fram að fermetraverðið hafi hækkað að núvirði úr 559 krónum í 1.285 krónur. Umræddur hluti hefur því hækkað úr tæpum 11 milljónum í rúmar 25. Leggur ISAL því til að Hafnarfjarðarbær annað hvort leiðrétti stöðuna með því að greiða þessar 25 milljónir eða bæti álverinu upp þessa fermetra annars staðar við jörðina. ■

Neita að smala fé þrátt fyrir úrskurð

Ferðaþjónustubónda gengur illa að koma fyrirtæki sínu á koppinn vegna ágangs fjár. Borgarbyggð er sökuð um að hundsá nýlegt álit Umboðsmanns Alþingis.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VESTURLAND Ábúandi á jörðinni Hafþórsstöðum í Borgarbyggð er að íhuga næstu skref eftir að sveitarfélagið hafnaði beiðni um smölun ágangsfjár. Kindurnar hamla atvinnurekstri og valda slysa-hættu.

„Ég þarf að láta í minni pokann fyrir þessum kindum. Ég get ekki þjálfað sleðahundana mína,“ segir Erna Sofie Árnadóttir, sem leigir jörðina og er að reyna að koma ferðaþjónustufyrirtæki á koppinn, það er að bjóða ferðamönnum upp á sleðahundaferðir. Eigandinn er einnig með skógrækt á jörðinni.

Erna flutti til Hafþórsstaða árið 2019 og síðan þá hefur verið mikill ágangur. Fyrir utan truflunina og nagið hefur einnig skapast slysa-hætta. Í eitt skipti reyndi kind að stanga fatlaðan son Ernu.

„Það er búið að funda ítrekað með sveitarfélaginu og MAST út af þessum kindum og það hefur aldrei verið hægt að gera neitt fyrir okkur,“ segir Erna sem sendi inn beiðni í haust um að sveitarfélagið smalaði af jörðinni.

Borgarbyggð hafnaði beiðninni þrátt fyrir að umboðsmaður Alþingis hafi nýlega úrskurðað að leiðbeiningar innviðaráðuneytisins um ágang og friðuð lönd standist ekki lög.



Kindur eru ekki alls staðar vinsælar, til dæmis ekki hjá Ernu Sofíe Árnadóttur sem kveðst ekki geta þjálfað sleðahunda sína vegna ágangs fjár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

”

Það er pandórubox sem við viljum ekki opna.

Davíð Sigurðsson, formaður byggðarráðs Borgarbyggðar

Erna telur að Borgarbyggð sé að hundsá álit umboðsmanns. Í erindi sínu spurði hún einnig hvað sveitarfélagið hygðist gera fyrir

fyrirtækjaeigendur sem væru að auka fjölbreytileika atvinnulífsins í dreifbýlinu en fékk ekki svar.

Mikil umræða hefur verið síðustu misseri um lausagöngu fjár, enda æ færri bændur sem halda fé.

Umræðan á samfélagsmiðlum minnkaði ekki eftir að Hafþórsstaðafólk fékk neitun frá Borgarbyggð. Hafa landeigendur meðal annars verið hvattir til að dreifa kjötmjöli á lönd sín til fælingar, en samkvæmt reglugerð má ekki slátra sauðfé til manneldis sem etið hefur kjötmjöl.

Einnig hefur Erna verið hvött til að kæra til lögreglu. Hún segist nú vera að íhuga næstu skref.

Davíð Sigurðsson, formaður byggðarráðs Borgarbyggðar, segir að jarðareigendur hafi ekki sýnt fram á að hafa verið búnir að smala til skilaréttar af sínum löndum.

Þess vegna hafi sveitarfélagið ekki haft milligöngu um að smala. „Það er pandórubox sem við viljum ekki opna,“ segir Davíð.

Hann segist hins vegar hafa haft samband við aðstoðarmann ráðherra og fara á fund í ráðuneytinu, í þessari eða næstu viku, til að fara yfir þessa lagalegu óvissu sem uppi sé. Segist hann vita til þess að vinna sé í gangi innan ráðuneytis við að leysa hnútin.

Davíð segir 80 til 90 prósent sauðfjárbænda með allt sitt á hreinu.

„Það eru hin skemmdu epli innan um sem valda alvarlegum ágangi, og þau eru ekki mörg,“ segir hann. Ástandið sé sérstaklega slæmt á þeim stað sem Hafþórsstaðir eru, norðarlega í sveitarfélaginu. Fréttablaðið hefur einnig fjallað um ágang á landi nágranna þeirra, á bænum Skarðshörmrum. ■



FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



Klassískur glæsileiki og fullkomin tækni fram tíðarinnar.



ENNEW / SJ / NMO12556

MG EHS Plug-in Hybrid – 7 ára ábyrgð* Verð frá 6.490.000 kr.

Einstaklega sparneytin bensínvélin og viðbragðsgóður rafmótor MG EHS Plug-in Hybrid skila samanlagt 258 hestöflum og eldsneytisnotkun upp á aðeins 1,8 l/100 km^{**}. Li-ion 16,6 kWh rafhlaðan skilar 52 km drægi á rafmagninu einu saman í blönduðum akstri samkvæmt WLTP-prófunum. Saman skila þessir þættir sér í lægri rekstrarkostnaði MG EHS Plug-in Hybrid.

Komdu og reynsluaktu þessum rúmgóða og þægilega fjölskyldubíl.

FLEX leiguverð: 171.990 kr. á mánuði.

Miðað við 36 mánuði og 18 þ.km. á ári. Nánar á flex.is

mgmotor.is

Recharge yourself



*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustuefirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.mgmotor.eu/is-IS/
^{**}Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægni rafbíla.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Flóttamönnum komið í land í Englandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nichole telur slæmar efnahagshorfur hafa áhrif á viðhorfið til flóttafólks

kristinnhaukur@frettabladid.is

FLÓTTAFÓLK Fólk sem starfar með flóttafólki telur efnahagsmálin og orðræðu fólks á samfélagsmiðlum og víðar spila inn í aukna andstöðu við komu flóttafólks. Nauðsynlegt sé að auka fræðslu og spyrna við þróuninni.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær sýnir ný könnun Présents að afstaðan til flóttafólks hefur harðnað. Alls er sveiflan tíu prósent frá þeim sem telja að Ísland veiti of fáu flóttafólki hæli yfir til þeirra sem telja Ísland veita of mörgu hæli.

„Fólk talar á villandi hátt um þessi mál. Vissulega fylgja því útgjöld að taka á móti fólki en líka ávinningur,“ segir Nichole Leigh Mosty, forstöðumaður Fjölmenningsseturs.

Atli Viðar Thorstensen, sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða krossins, segir umræðuna um flóttafólk og kostnað oft villandi. Bendir hann á skýrslu Arion banka frá árinu 2015 þar sem kom fram að hagræn langtímaáhrif komu flóttafólks væru jákvæð.



Viðhorfið er númer eitt.



Nichole Leigh Mosty, forstöðumaður Fjölmenningsseturs

„Mesta áhyggjuefnið er hversu margir eru á flótta í heiminum,“ segir Atli Viðar. Vopnuð átök í Evrópu valdi stórum hluta aukningarinnar. Alþjóðlegar skuldbindingar séu samtryggingarkerfi. „Heilt yfir tel ég að landsmenn séu velviljaðir gagnvart flóttafólki. Við þekkjum það í gegnum okkar sögu að hafa þurft að leggja á flótta,“ segir hann.

Aðspurð segir Nichole ekki endilega óttast að kynþátta- eða útlendingahatur sé að aukast. Hins vegar sé könnunin vísbending um að þörf sé á að spyrna við. Ríkið þurfi að verja meira fé í fjölbreytnifræðslu, til dæmis á vinnustöðum og stofnunum. „Viðhorfið er númer eitt,“ segir hún. ■

Þingmaður segir algjörlega ótækt að auka við heimildir lögreglu án eftirlits

bth@frettabladid.is

ALÞINGI Þingmaður Pírata, Arndís Anna Kristinardóttir Gunnarsdóttir, segir að frumvarp Jóns Gunnarssonar dómsmálaráðherra um auknar heimildir lögreglu kalli á að eftirlit með lögreglu verði aukið. Hún sjái ekki að svo sé.

„Við erum að tala um mjög auknar forvirkar heimildir til að fylgjast með fólki sem er ekki einu sinni grunað um að hafa brotið af sér,“ segir Arndís Anna. „Þessi krafa virðist ekki koma frá lögreglunni, ekki þegar um ræðir skipulagða brotastarfsemi,“ bætir hún við.

Frumvarpið hefur verið afgreitt úr ríkisstjórn og má búast við fjölda athugasemda. Arndís Anna segir „algjörlega ótækt“ að auka heimildir lögreglu áður en komið hefur verið á formlegu og skilvirku eftirliti með lögreglu.

„Það er ekki nóg að einhver nefnd fylgist með lögreglu eins og ráðherrann hefur haldið fram. Það er ekki verið að gera nóg til að tryggja



Þessi krafa virðist ekki koma frá lögreglunni.



Arndís Anna Kristinardóttir Gunnarsdóttir, þingkona Pírata

skilvirkt og gagnsætt eftirlit með störfum lögreglu og áður en það verður gert erum við ekki sam-mála því að heimildir lögreglu til forvirkra rannsóknarheimilda og vopnaburðar verði auknar.“

Jón Gunnarsson sagði á Fréttavaktinni á Hringbraut að hann fagnaði allri umræðu um frumvarpið og í raun kallaði hann eftir henni. ■

Dregið úr útbreiðslu kynsjúkdóma

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Klamydiutilfellum hefur fækkað um nærri 8 prósent á 4 árum. Einnig hefur dregið úr lekanda og HIV-smitum en tilfellum sára-sóttar hefur fjölgað. Þetta kemur fram í svari Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Andrésar Inga Jónssonar, þingmanns Pírata.

Klamydía er langútbreiddasti kynsjúkdómurinn. Tilföllin voru 530 á hverja 100 þúsund íbúa árið 2018 en hafði fækkað í 489 árið 2021. Lekandi er næstalgengasti sjúkdómurinn með 29 tilfelli á hverja 100 þúsund, en voru 34 árið 2019.

HIV-tilfellum hefur fækkað úr ell-efu í sex á hverja 100 þúsund en sára-



Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra

sóttartilfellum fjölgað úr sex í þrettán. Mikill sárasóttarfaraldur hefur verið á Íslandi undanfarin ár meðal karlmannna sem stunda óvarið kynlíf með öðrum karlmönnum.

Í svarinu kemur fram að farið var í ýmsar aðgerðir sem lagðar voru til af starfshópi velferðarráðuneytisins í upphafi árs 2018. Meðal annars hafa farið fram skimanir á sjúkdómunum fjórum í fangelsum landsins sem og



Klamydiutilfellum hefur fækkað um átta prósent.

af fyrirbyggjandi meðferð gegn HIV hófst á smitsjúkdómadeild Landspítalans. Það er svokölluð Prep-meðferð. Þá hefur nálaskiptaverkefni Landspítalans verið eflt.

Embætti landlæknis hefur eflt og samræmt fræðsluefni til almennings. Smokkasjálfsölum hefur verið komið fyrir í framhaldsskólum og kennsla um kynsjúkdóma og kynheilbrigði bætt. ■



Kuldatíð ríkir víða í Evrópu og kemur á versta tíma vegna orkuskorts. Hver hugsar um að bjarga sjálfum sér til skamms tíma sem hefur neikvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Veturinn erfiður í Evrópu



Hver og ein Evrópuþjóð hugsar að mestu um eigin hag.



Halla Hrund Logadóttir, orkumálastjóri

hún er vegna þess að það er engin önnur leið til skamms tíma, þótt það sé engin lausn til framtíðar,“ segir Guðlaugur Þór.

Halla Hrund Logadóttir orkumálastjóri segir áhyggjuefni að heimilin séu ekki bara að draga úr orkunotkun heldur sé iðnaður víða að draga saman seglin. Minni framleiðsla geti haft langvinn neikvæð efnahagsáhrif á samkeppnishæfi Evrópu.

„Við erum á þeim tímapunkti núna að það skiptir verulegu máli fyrir Evrópu að fjárfesta í nýjum innviðum, auka tengingar milli landa og styrkja loftslagsmarkmiðin til lengri tíma,“ segir hún.

Þá tekur Halla Hrund undir ummæli Guðlaugs Þórs Þórðarsonar umhverfisráðherra á forsiðu Fréttablaðsins í dag um að pattstaðan þegar ekkert var virkjað í níu ár vegna karps um rammaáætlun hafi reynst þjóðinni dýr.

„Að ákvörðun skyldi taka svona langan tíma skapaði tortryggni á báða bóga,“ segir Halla Hrund. Hún segir rammaáætlun mikilvægt tól en einnig þurfi að huga að skilvirkni.

„Að taka ekki tíðari ákvarðanir en gert var er óásættanlegt og hefur vitaskuld haft áhrif á þróun hitaveitunnar hér á landi,“ segir Halla Hrund en mikil umræða er um sjálfbærni hitaveitunnar sem stendur. ■

bth@frettabladid.is

EVROPA „Þessi vetur í Evrópu getur orðið alveg gríðarlega erfiður,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. „Orkuskortur, hátt orkuverð og hækkun matvæðis eru eitruð blanda.“

Íslendingar sem staddir eru í Kaupmannahöfn hafa lýst miklum kulda síðustu daga í opinberum byggingum og atvinnuhúsnæði. Teppum hefur verið útteilt til starfsfólks víða. Stanslausar tilkynningar eru í fjölmiðlum sem hvetja Dani til að þvo þvott á nóttunni og spara orku eftir fongum.

Jamie Szyson, breskur leigubílstjóri sem Fréttablaðið ræddi við, segir að orkukostnaður á hans heimili hafi sexfaldast á rúmu hálfu ári. Bót í máli er að stjórnvöld niðurgreiða nokkuð.

Verst fara Úkraínumenn út úr orkuskortinum vegna stríðsins. Þar er samkvæmt erlendum fréttamiðlum spáð fjölda dauðsfalla í vetur vegna kulda að óbreyttu.

Að sögn Guðlaugs Þórs hugsar nú hver og ein Evrópuþjóð að mestu um eigin hag. Stærsta verkefni augnabliksins sé að borgarar komist í gegnum vetrarkuldann.

Ráðherra segir að áætlunum um græna orku hafi víða verið hraðað. Ekki sé þess að vænta að þær umleit-



Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

anir skili árangri fyrr en eftir nokkurn tíma.

„Það sem er áberandi þessa dagana er að í stað þess að reida sig á gas frá Rússlandi eru ríki Evrópu núna að kaupa orku frá Bandaríkjunum og Mið-Austurlöndum,“ segir Guðlaugur Þór. „Allt snýst núna um að fá orku strax.“

Áhyggjuefni er að sögn Guðlaugs Þórs að Kínverjar hafa komið sér upp mjög sterkri stöðu með kaupum á orku af olíuríkjum sem gerir þá enn sterkari þegar kemur að yfirráðum yfir vörum sem eru Vesturlöndum mikilvægar.

„Menn eru að reyna að gefa í hvað varðar græna orkuöflun en það varðar þjóðaröryggi að reyna að hafa aðgang að orku. Þess vegna er þessi áhersla á jarðefnaeldsneyti,

Svöl Enox jól

Þýskt gæðamerki
Ný lína á einstöku kynningarverði



Enox RF520XX kæli- og frystiskápur

- Nýjasta og fullkomasta kæli- og frystitæknin
- „For a Better Home Series“ módel 2023-2024
- Total No Frost kælikerfi
- Amerísk tveggja dyra útfærsla
- Kælir 338L, frystir 182L, alls 520L
- Sjálfvirk ísvatns- og klakavél - LED-skjár
- Stál framhlið og handfang
- Hæð 177 cm, breidd 90 cm, dýpt 76 cm



HÚSASMÍÐJAN

Kynningarverð

199.900 kr

~~289.900~~ kr

Fæst í Húsasmiðjunni um allt land og á husa.is

enox.
enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI



Skel var áður Skeljungur en er nú fjárfestingafélag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðni selur í Skel

olafur@frettabladid.is

GE Capital, eignarhaldsfélag Guðna Rafns Eiríkssonar, fjárfestis og eiganda Apple umboðsins á Íslandi, hefur selt allan hlut sinn í Skel fjárfestingafélagi, alls 5,03 prósentu hlut.

GE Capital eignaðist hlutinn um síðustu áramót. Kaupverð hlutarins, 97,34 milljóna hluta, var þá 1.420 milljónir, eða 14,6 krónur á hlut. Söluverðið nú var 16,2 krónur á hlut, eða samtals 1.577 milljónir. Hagnaðurinn á rúmum 10 mánuðum nemur því 157 milljónum, eða ríflega 11 prósentum.

Kaupandi er RES 9 ehf., eignarhaldsfélag í eigu hjónanna Nönnu Bjarkar Ásgrímsdóttur og Sigurðar Bollasonar. Nanna situr í stjórn Skeljar fjárfestingafélags.



Hluturinn GE Capital hækkaði um 157 milljónir á rúmum 10 mánuðum, eða um ríflega 11 prósent.

Strengur hf. á 50,06 prósentu hlut í Skel, en Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Skeljar, er jafnframt stjórnarformaður Strengs. Frjálsi lífeyrissjóðurinn er næst stærsti hluthafinn með 8,57 prósent og nú er RES 9 ehf. orðið þriðji stærsti hluthafinn með 5,03 prósentu hlut.

Skel hét áður Skeljungur og var aðallega á eldsneytisdreifingarmarkaði. Í febrúar á þessu ári var nafni félagsins breytt í Skel og því breytt í fjárfestingafélag.

Skel á að fullu Orkuna, IS ehf., Skeljung IS ehf. og Gallon ehf. sem tengjast gömlu starfsemi Skeljungs. Þá á Skel stóra hluti í Reir þróun ehf., S/P Orkufélaginu og Wedo ehf., sem rekur Heimkaup. Skráð félög sem Skel á hlut í eru Kaldalón hf. (18 prósent) og Vátryggingafélag Íslands hf. (7,3 prósent). ■

Dýrasta mót sögunnar byggt á sandi

Heimsmeistaramótið í knattspyrnu sem fer nú fram í Katar er það dýrasta í sögunni. Heildarkostnaður er talinn vera um 220 milljarðar Bandaríkjadala en stór hluti af því virðist hafa farið í verkefni sem tengjast ekki mótinu.

helgisteinar@frettabladid.is

Samkvæmt opinberum tölum frá stjórnvöldum í Katar er heildarkostnaður við heimsmeistaramótið í knattspyrnu 200 milljarðar Bandaríkjadala. Erfitt hefur reynst að staðfesta upphæðina sökum misvísandi yfirlýsinga um innviðakostnað í tengslum við mótið seinustu tólf árin.

Hinn raunverulegi heildarkostnaður er talinn vera í kringum 220 milljarða Bandaríkjadala, en sú upphæð er 60 sinnum hærri en það sem Suður-Afrika eyddi í sitt mót árið 2010. Innifalið í þeirri tölu eru byggingarframkvæmdir á nýjum hótelum, flugvöllum og leikvöngum.

Ein ástæða fyrir þessari háu upphæð er meðal annars talin vera kælikerfin sem eru innbyggð í flestalla leikvangana til að halda leikmönnum og stuðningsmönnum við þægilegt hitastig. Grasið á völlum kemur einnig af innfluttum grasfræjum og var ræktað í sérstökum gróðrarstöðvum. Þegar það vex þarf svo stöðugt að vökva það í kaldtempruðu loftslagi til að það lifi af í þurru katörsku eyðimörkinni.

Gífurlegum fjárhæðum hefur einnig verið varið í gistingu, þar á meðal einbylishús, íbúðir, hótél og einkaeyjur.

Í höfuðborginni Doha var 15 milljörðum dala eytt í gistiðstöðu sem nefnist Perlan og 36 milljörðum var varið í neðanjarðarlestarterfi borgarinnar. Heil ný borg var einnig byggð í kringum Lusail-leikvöllinn sem hýsir 22 hótél og húsnæði fyrir 200.000 íbúa. Þar má líka finna skemmtigarð, tvær smábátahafnir og tvo golfvelli.

Kostnaðurinn við mótið í ár vekur ýmsar spurningar í ljósi umræðunnar um farandverkafólkið sem byggði leikvangana. Stór hluti þess kom frá Afríku og Suður-Asíu og þurftu margir að greiða hátt ráðningargjald fyrir það eitt að fá að vinna. Mörgum var lofað háum launum og góðum vinnuaðstæðum en enduðu í skuldum og nútíma þrælahaldi.

Einn þriðji af tveimur milljónum farandverkamanna í Katar eru frá Bangladess og Nepal og gat



Mikill kostnaður hefur farið í að kæla leikvöllina á heimsmeistaramótinu í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Kostnaður við HM í Katar fer yfir 200 milljarða dala

Áætlað er að heimsmeistaramótið í Katar verði það dýrasta í sögunni. Sumar heimildir herma að kostnaðurinn sé hærri en 220 milljarðar, sem væri meira en samanlagt seinasta 21 mót.

Kostnaður við nokkur heimsmeistaramót í milljörðum dala		
Katar 2022	220 milljarðar \$* (31.416 milljarðar ISK)	
Rússland 2018	11,6 ma. \$	*Kostnaðurinn við HM samkvæmt yfirlöðum í Katar er 200 milljarðar Bandaríkjadala. Í upphæðinni er ekki innifalin framtíðaráætlun Katar 2030 en það verkefni er ótengt HM og felur til dæmis í sér uppbyggingu á nýju lestarkerfi og flugvelli.
Brasilía 2014	15 ma. \$	
Suður-Afrika 2010	3,6 ma. \$	
Þýskaland 2006	4,3 ma. \$	
Suður-Kórea /Japan 2002	7,0 ma. \$	
Frakkland 1998	2,3 ma. \$	
Bandaríkin 1994	0,5 ma. \$	

Heimildir: DW, Front Office Sports

Mynd: Getty

© GRAPHIC NEWS



Heildarkostnaður heimsmeistaramótsins í Katar er 60 sinnum hærri en það sem Suður-Afrika eyddi í sitt mót árið 2010.

meðalkostnaður fyrir vinnuleyfi verið í kringum 3-4.000 Bandaríkjadali. Það tæki þar með meðal verkamann sem þénar 275 dali á mánuði rúmlega heilt ár að greiða upp ráðningargjald sitt. Til samanburðar þénar meðal Katarbúi um 4.500 dali á mánuði og er Katar með hæstu þjóðarframleiðslu miðað við höfðatölu í heiminum.

Í kjölfar mikils þrýstings frá alþjóðasamfélaginu lofuðu stjórnvöld í Katar að bæta laun og vinnuaðstæður fyrir farandverkamenn. Margir hafa vissulega tekið þessum umbótum fagnandi en það verður líklegast ekki fyrr en eftir að mótinu lýkur að hægt verður að greina hver raunverulegi heildarkostnaðurinn við HM í Katar var. ■

Miklar verðlækkunarir erlendis ekki komnar hingað til lands

olafur@frettabladid.is

Í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu í febrúar urðu gríðarlegar verðlækkunarir á hrávörum og málum sem hafa haft mikil áhrif á verðlag um allan heim. Orkuverð hækkaði einnig, auk þess sem orkuskortur er nú í Evrópu.


Fyrir hafði heimsfaraldurinn valdið miklum verðhækkunum og röskunum og aðfangakeðjan laskaðist svo að kostnaður við gámaflutninga næstum tífaldaðist.

Nú hefur þetta gengið mikið til baka og flutningskostnaður hefur ekki verið lægri í tæp tvö ár – hefur lækkað um 73 prósent frá því að hann var hæstur í lok síðasta árs. Er hann þó enn um tvöfaldur á við það sem var fyrir Covid.

Hrávörur og málmar hafa lækkað

mjög í verði undanfarna mánuði og undanfarna vikur hefur orkuverð einnig tekið að lækka. Þessar verðlækkunarir virðast lítið sem ekkert koma fram í verðlagi hér á landi.

Að sögn Jóns Bjarka Bentssonar, aðalhafsfræðings Íslandsbanka, hefur lækkun krónunnar undanfarna mánuði torvelað okkur að fylgjast með því hvernig verðlækkun erlendis skilar sér. „Við erum þó að minnsta kosti að sjá minni hækku á erlendum vörum almennt í innlendum verslunum en sem nemur til dæmis verðbólgu í nágrennalöndunum. Samkvæmt Hagstofunni höfðu innfluttar vörur á heildina lítið hækkað um tæp 7 prósent í október frá sama mánuði í fyrra og innfluttar matvörur um rúm 5 prósent. Krónan var þó vissulega heldur sterkari í október



Kostnaður við gámaflutningar tífaldaðist í upphafi Covid en hefur nú lækkað um 73 prósent og er einungis um tvöfaldur á við það sem var fyrir faraldurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

en fyrir ári síðan,“ segir Jón Bjarki.

„Í fljótu bragði sýnist mér að við höfum losnað við versta hækkunarkúfinn í innfluttum vörum þegar heimsmarkaðsverð var sem hæst í vor og kannski vilja innlendir kaupmenn að sama skapi halda eftir einhverjum hluta af þeirri verðlækkun sem hefur orðið síðan. Verð á ýmsum vörum, allt frá hveiti til bensíns, er líka enn þá talsvert herra á alþjóðavísu en var í ársbyrjun þótt mesta hækkunin hafi gengið til baka. Ef krónan helst sæmilega stöðug, eða jafnvel sækir aftur í sig veðrið, er samt líklegt að við förum að sjá áhrif af þróuninni erlendis í verði á innfluttum vörum og mér finnst líklegt að innflutningsverð haldi aftur af verðbólgunni frekar en hitt þegar kemur fram á næsta ár,“ segir Jón Bjarki Bentsson. ■

FÆRÐU ÁSTVINUM ÞÍNUM ÓSKASKRÍN

– UPPLIFUN Í ÖSKJU



Kannski dettur vinum þínum og vandamönnum sjaldan í hug að gera eitthvað fyrir sjálfa sig þó að þeir eigi það svo sannarlega skilið. Þá er tilvalið að gefa þeim Óskaskrín.

Skoðaðu úrvalið af skrínum á vefsíðu okkar, oskaskrin.is.

Fæst í Pennanum Eymundsson, Hagkaup og á oskaskrin.is.



Eymundsson

HAGKAUP

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is



Óskaskrín

Útflutningstekjur halda ekki í við gjaldeyrisþörf

Sveiflur hafa verið á gengi krónunnar á þessu ári og undanfarna mánuði hefur hún lækkað nokkuð hratt. Ýmsar skýringar eru á þessu og hagfræðingur Íslandsbanka telur að fram undan sé meiri gengisstöðugleiki.

olafur@frettabladid.is

Frá því í sumar hefur krónan lækkað um næstum 10 prósent sem gerir Seðlabankanum erfiðara um vik en ella að ná tökum á verðbólgu og skaðar hag innflutningsfyrirtækja og neytenda.

„Jú, það hefur heldur betur verið sveifla á krónunni undanfarna mánuði,“ segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhogfræðingur Íslandsbanka. „Hún er reyndar farin að sækja í sig veðrið aftur undanfarna viku eða svo eftir talsverða veikingu í október og fyrri helming nóvembermánaðar.“

Jón Bjarki hefur bent á þrjá áhrifaþætti sem hann telur að spili allir eitthvert hlutverk í þróuninni í haust.

Methalli í október

„Í fyrsta lagi hefur halli á utanríkisviðskiptum verið meiri síðustu mánuði en við, og líklega margir aðrir, gerðum ráð fyrir. Halli á vöruskiptum var 44 milljarðar króna í september og 53 milljarðar í október. Hallinn í október var sá mesti í krónum talið svo langt aftur sem tölur Hagstofunnar ná. Innflutningur hefur verið í örum vexti, og að því er virðist er bæði magnið að



aukast milli ára og verðið einnig að hækka,“ segir Jón Bjarki.

„Önnur birtingarmynd á miklum innflutningi er kortaveltutölur þar sem met var sömuleiðis slegið í október í erlendri kortaveltu heimila á sama tíma og metfjöldi Íslendinga skellti sér út fyrir landsteinana í mánuðinum. Jólaverslunin hefur líka færst framur sem eykur á tímabundin gjaldeyriskaup á haustdögum, bæði hjá innflytjendum og eins almenningi svona óbeint samhliða viðskiptum við erlendar netverslanir.“

Jón Bjarki segir að þótt ferðabjónustan sé komin á gott skrið og ferðamannahaustið hafi verið myndarlegt hafi vöruútflutningur verið í rýrara lagi síðustu mánuðina, meðal annars vegna minni kvóta á botnfiski á nýhöfnu fiskveiðiári og lækkandi verðs á áli og öðrum málum.

„Það er enn mikill gangur í hagkerfinu sem kallar á mikinn innflutning og útflutningstekjurnar hafa einfaldlega ekki verið að halda í við innflutningsvöxtinn enn sem komið er í haust.“

Vænt innflæði varð ekki

Í öðru lagi segir Jón Bjarki að nokkurt gjaldeyrisútlæði hafi verið tengt verðbrefaviðskiptum. „Þar eiga lífeyrissjóðirnir auðvitað hlut að máli þótt þeir virðist nú ekki vera að auka gjaldeyriskaup sín stórkostlega ef marka má nýlegar tölur. Þar á ofan rættust ekki væntingar um að umtalsvert gjaldeyrisinnflæði myndi fylgja kaupum erlendra vísitölusjóða á íslenskum hlutabréfum í kjölfarið á innkomu Íslands inn í tiltekna alþjóðlegar hlutabréfavisitölur.“

Seðlabankanum hefur gengið erfiðlega að halda krónunni stöðugri undanfarna mánuði.
FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Það er enn mikill gangur í hagkerfinu sem kallar á mikinn innflutning.



Jón Bjarki Bentsson, aðalhogfræðingur Íslandsbanka

Í þriðja lagi segir Jón að nokkuð kunni að vera um að verið sé að greiða upp erlendar skuldir og færa fjármögnun yfir í íslenskar krónur. Lítið sé af handföstum gögnum um slíka þróun en það sé vissulega hugsanleg skýring, ekki síst þar sem aðgengi að erlendu fjármagni hafi versnað undanfarna mánuði og vaxtamunur við útlönd minnkað, að minnsta kosti á suma mælikvarða.

„Ég er samt sem áður nokkuð bjartsýnn á að það mesta í þessari veikingarhrinu sé að baki í bili enda virðist ríkja betra jafnvægi á gjaldeyrismarkaði síðustu daga. Þó er alltaf vert að hafa í huga að gjaldmiðlar eru ólíkindatöl,“ segir Jón Bragi Bentsson. ■

Disney endurræður kunnuglegt andlit í forstjórástólinn

helgisteinar@frettabladid.is

Stjórn Walt Disney ákvað á sunnudaginn að reka forstjóran Bob Chapek og ráða í hans stað fyrrverandi forstjóran Bob Iger til starfa að nýju. Chapek hafði tekið við af Iger árið 2020 eftir að sá síðarnefndi hafði stýrt fyrirtækinu í fimmtán ár.

Skemmtigarðurinn sem tilheyrir fyrirtækinu hefur fengið á sig mikla gagnrýni síðastliðin ár og virðist sem svo að reiði viðskiptavina hafi skilað sér til æðstu stjórnenda fyrirtækisins. Verðhækkanir, þjónustuskerðing og lengri biðtími hafa einkennt skemmtigarðinn sem hefur makið krókinn síðan hann var opnaður á ný eftir heimsfaraldurinn.

Disney er meðal annars hætt að

bjóða upp á hraðmiða fyrir raðir og ókeypis rútubjónustu fyrir hóteliðskiptavinum sína frá Orlando-alþjóðaflugvælinum. Þess í stað þurfa viðskiptavinir að greiða aukalega fyrir slíka þjónustu. Það var einnig tilkynnt í síðustu viku að skemmtigarðurinn myndi hækka miðaverð sín í annað skipti á þessu ári.

Þeir fastagestir sem hugðust heimsækja garðinn oft á ári þurftu meðal annars að bíta í það súra epli að fyrirtækið hætti að selja árskort og takmarkaði einnig aðgang þeirra sem eru þegar árskortsmeðlimir. Hugmyndin var að setja þá gesti sem sækja garðinn sjaldnar en eyða meiri peningum í senn í forgang.

Ákvörðunin um að endurráða Bob Iger kom mjög á óvart þar sem




Bob Iger var forstjóri Disney frá 2005-2020.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Bob Iger hafði yfirgefið fyrirtækið fyrir fullt og allt árið 2021.

Iger hafði yfirgefið fyrirtækið fyrir fullt og allt árið 2021. Stjórn Disney hafði einnig framlengt ráðningarsamning við Bob Chapek um þrjú ár, en þegar ljóst var að stærsta fyrirtæki Hollywood hafði skilað „hámarkstapi“ á þriðja ársfjórðungi 2022 var ákveðið að breyta um stefnu. ■



BARÁTTUKONAN BIRNA

Einlæg og falleg saga um viðburðaríka ævi Birnu Þórðardóttur eftir Ingibjörgu Hjartardóttur með ljósmyndum Rannveigar Einarsdóttur.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskilóð 39 | Ópið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | www.forlagid.is



Pór Sigfússon
telur vöxt
nýtni-hag-
kerfisins vera
meiri hér á landi
en á heimsvísu.
FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Nýtni-hagkerfið ný stoð efnahagslífsins



Ólafur
Arnarson
ólafur
@frettabladid.is

Eins manns rusl er annars gull, segir máltækið. Þessa sér nú merki meðal annars í tískuheiminum, þar sem mestur vöxtur er í verslun með notuð, eða endurnýtt, föt.

Í Bandaríkjunum hefur markaður með notuð föt vaxið 21 sinni hraðar en sala á nýjum varningi síðustu þrjú árin. Í dag er þetta markaður sem veltir 24 milljörðum Bandaríkjadala og búist er við að um miðjan næsta áratug verði veltan um 51 milljarður dala.

Ekki er ýkja langt síðan mörgum fannst einhver skömm að því að kaupa notuð föt. Fólk verslaði í búðum góðgerðarsamtaka og öðrum verslunum sem seldu notuð föt ef það átti engra annarra kosta völ.

Þessir tímar eru liðnir. Endursölumarkaður fyrir notaðan tískuvarning blómstrar og nú vilja allir Lilju kveðið hafa.

Á vefsíðum World Economic Forum er haft eftir Neil Saunders, framkvæmdastjóra og markaðsgreinanda hjá tískuvefversluninni threadUP, að söluaukning notaðs fatnaðar hafi verið ævintýrleg samanborið við ný föt. „Þar sem markaðurinn svarar einstaklega vel kröfum neytenda um fjölbreytni, verðgildi og sjálfbærni reiknum við með áframhaldandi miklum vexti.“

Rannsóknir threadUP sýna að hlutfall þeirra neytenda sem velja notað er svipað burtséð frá því um hvaða verðflokk ræðir. Í lúxusvöru er hlutfallið 26 prósent, 25 prósent með fatnað á milliverði og 22 prósent í ódýrasta flokknum.

Aldamótakynslóðin er móttækilegust fyrir þessari þróun (33%) og því næst „babyboomers“, kynslóðin sem er fædd frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar og fram undir miðjan sjöunda áratug síðustu aldar (331%). X-kynslóðin er þar langt að baki (20%) og Z-kynslóðin, yngsti hópurinn, stendur í 16 prósentum.

Líka á Íslandi

Hér á Íslandi höfum við ekki farið varhluta af þessari þróun. Segja má að endursölumarkaðurinn, sem



Hlutir sem lokið hafa hlutverki sínu á einum stað geta nýst vel annars staðar.

Nýtni-hagkerfið er umhverfisvænt

Umhverfisvernd er orðin ríkjandi stefna og hefur áhrif á afstöðu fólks til þess hvað það setur inn fyrir sínar varir, hvernig það ferðast og líka, núorðið, hvaða fötum það klæðist.

Samkvæmt rannsóknnum threadUP kjósa 72 prósent neytenda fremur að eiga viðskipti við þá sem umgangast umhverfið af virðingu. Umhverfisvæn tíska er hins vegar langt frá því að vera ókeypis – handtaska úr endurunnu næloni frá Stellu McCartney kostar til dæmis 590 dali (85 þúsund krónur) í

Bandaríkjunum – endursölu-markaðurinn gerir fleirum en áður kleift að verða umhverfisvænir í neysluvenjum sínum.

Séu föt – eða tóskur eða skór – notuð og endurnýtt minnkar eftirspurn eftir nýjum vörum. Hráefni fyrir tiskuiðnaðinn er frekt á auðlindir og losar mikla mengun – rekja má um það bil 20 prósent af skólpi í heiminum til tiskuiðnaðarins. Búist er við að um 25 prósent af kolefnispori heimsins um miðja þessa öld muni stafa frá tiskuiðnaðinum.

kalla mætti nýtni-hagkerfið, sé ný stoð í íslensku efnahagslífi og mikið líf hefur hlaupið í markað með endurnýtt föt, húsgögn, heimilismuni og raftæki, svo eitthvað sé nefnt.

Á heimsvísu hefur nýtni-hagkerfið meira en tvöfaldast á síðustu fimm árum og það vex hraðar en flestar aðrar stóðir alþjóðæfnahagslífsins. Þá hafa þau fyrirtæki og félagasamtök, sem stærst eru á þessu sviði í ýmsum löndum, skilað góðum ábata.

Starfshópur á vegum umhverfisráðherra skoðar nú umfang nýtni-hagkerfisins hér á landi með það fyrir augum að greiða fyrir hringrásarhagkerfinu.

Þór Sigfússon, stjórnarformaður Sjávarklasans, hefur mikið kynnt sér þessa nýju stoð efnahagslífsins. Hann segir það einstakt við nýtni-hagkerfið að því hraðar sem það vex því betur fari fyrir bæði náttúrunni og vöruskiptajöfnuðinum.

„Ég tel sterkar vísbendingar um að vöxtur þess hér á landi sé jafnvel töluvert meiri en á heimsvísu. Umfangið skiptir milljörðum króna og líklegt er að nýtni-hagkerfið sé einn mest vaxandi partur íslensks atvinnulífs,“ segir Þór.

Hann segir ástæðu þessa mikla vaxtar vera breytt viðhorf nýrra kynslóða. „Samkvæmt alþjóðlegum rannsóknum eru viðskiptavinir aðallega fólk á aldrinum 18 til 37 og mesti vöxturinn er þar í Z-kynslóðinni. Aðrar ástæður vaxtar nýtni-hagkerfisins eru tilkoma netverslunar og aukinn áhugi á umhverfismálum. Hér á landi hefur einnig skipt miklu máli sá fjöldi magnaðra frumkvöðla sem hafa rutt brautir í þessum efnum, og einnig krafa neytenda um aukna fjölbreytni í vöruvali. Hér má segja að frumkvöðlar í nýtni-hagkerfinu eigi líka góðar fyrirmyndir í til dæmis sjávarútveginum þar sem frumkvöðlar hafa rutt brautir með nýsköpun í nýtingu hliðarafurða sem hefur leitt til þess að sóunin er minni hér en í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við,“ segir Þór.

Hann segir að nú þurfi að skoða betur hvernig enn megi örva þessa nýju stoð efnahagslífsins. Þar verði meðal annars að sjá hvernig fjárfestar geti komið betur til liðs við fyrirtæki á þessu sviði, hvernig opinberir samkeppnissjóðir geti stutt betur við meðal annars tæknitengda netverslun og önnur þróunarverkefni á þessu sviði og hvort setja megi frekari hvata til endurnýtingar.

Nýtni-hagkerfið þarf að mati Þórs að fá veglegri sess í umræðu um atvinnulíf og efnahagsmál hérlandis. Mikilvægt sé fyrir stjórnvöld og fjárfesta að fylgjast vel með þessari hraðvaxandi atvinnugrein. „Að hlúa frekar að fyrirtækjum og frumkvöðlum á þessu sviði mun efla allt hringrásarhagkerfið,“ segir Þór Sigfússon. ■

Að þakka fyrir dýran þakka



Nina Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Amorgun halda Bandaríkjamenn þakkargjörðarhátíð. Þakkargjörðin er uppskeruhátíð sem á sér sögu-
legar rætur í heldur blóðugri sögu álfunnar sem verður ekki rakin hér. Þakkargjörðarmáltíðin samanstendur af þar-
lendu hráefni þar sem kalkúnn er framreiddur með maisbaunum, sætum kartöflum og trönu-
berjahlaupi. Það hefur færst í aukana seinni ár að innleiða síðinn víðar, jafnvel hér á Íslandi. Það má færa rök með því.

Hugmyndin um þakkargjörð er ein og sér falleg. Hamingjufræðingar í jógaftötum hafa brýnt fyrir almúganum að þakklæti sé lykillinn að gleðinni. Þakkargjörðin er líka vel tímasett, svona rétt fyrir jólin sem eru neysluhátíð. Það væri ekki svo galið að staldra við og þakka fyrir tásamyndirnar og tónleikahátíðirnar.

Betur hefur gengið að innleiða annan síð frá Bandaríkjunum, Svarta föstudaginn, sem er stærsti útsöludagur í Bandaríkjunum á föstu-
degi eftir þakkargjörðarhátíð. Okkur hefur líka reynst vel að innleiða Stafræna mánudaginn á eftir, næst-stærsta útsöludag Kanans. Reyndar hefur gengið svo vel að innleiða þessa útsöludaga að við höfum fagnað þeim í næstum því mánuð.

Eiríkur Hauks söng hástöfum í lok aldar að hann vildi að alla daga væru jól. Undirrituð var ekki há í loftinu þegar hún áttaði sig á að slíkt væri afleit hugmynd. Jólin eru jú tvisvar á ári af því að hátíðin stendur enn eftir áramót, og það er feikinóg. Það er léttir sem fylgir þegar jóla-
skrautið fer í kassann og veruleikinn verður aftur soðin ýsa á þriðjudegi og krumpað Andrésblað.

Það sama á við um útsölurnar. Kona fer hreinlega að sakna þess að láta okra á sér og er þakklát þegar verðin skjótast aftur upp. Verðlag og verðmætamat eru elskendur, dýrt er betra. Það er hin sanna íslenska þakkargjörð. ■

”

Jólin eru jú tvisvar á ári af því að hátíðin stendur enn eftir áramót, og það er feikinóg.

Fleiri úðabrúsa, takk

Forseti Íslands sá sér leik á borði og spreypaði töluna 1500 á slagorð verkefnisins Römpum upp Ísland á dögnum, að undirlagi Haralдар Þorleifssonar. Undirrituð hafði aldrei hugsað um aðgengismál fyrr en hún varð móðir og ferðaðist með barnavagn um miðbæinn. Baráttumál eru oft ósýnileg öðrum en þeim sem þurfa að berjast. Það væri óskandi að fleiri tækju sig til með úðabrúsana, sér í lagi þar sem mannréttindum er ábótavant á Íslandi. ■

JÓLAKRANS STÓR

ADÉINS 4.960,-
MEÐ VSK.

OPIÐ 9-17
MÁN-LAU

BLÓMAHEILDSALAN
Samasem
GRENSÁSVEGI 22

Halldór



Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Katartár Vöndu

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, brotnaði niður og barðist við tárin í Katar í viðtali við RÚV. Þetta er hálfundarleg setning að skrifa enda spyrja margir sig hvers vegna í ósköpunum Vanda sé í Katar. Hvers vegna KSÍ tók ekki afstöðu og afþakkaði boð Katar og FIFA. Það hefði verið svolítið kúl. En Vanda fór ásamt fríðu föruneysi og fór í viðtal á RÚV. Sem er einnig hálfalið því hvað hefur RÚV að gera þarna? Ekki er verið að bæta neinu við HM-umfjöllun RÚV með því að vera í Doha. En að grenja í viðtali. Það er bara mjög skrítið.

Ljótt að ljúga

Öll spjót hafa staðið á forystu KSÍ að undanförunu og greinilegt að gagnrýnin fer fyrir brjóstið á formanninum. Hún felldi jú tár. En eitt sem hún sagði í viðtalinu var að enginn fjölmiðill hefði haft samband við sig nema Kristófer Helgason, útvarpsmaðurinn ástsæli á Bylgjunni. Þessi fullyrðing var svo hrakin í gær á Fréttablaðinu því Vanda svaraði blaðamanni Frétta-
blaðsins þegar gagnrýnin var sem hæst um KSÍ. En hún vildi bara ekki tjá sig. Gagnrýnin stóð á KSÍ og Vanda er formaður KSÍ. Hún gekk ekki fram fyrir skjöldu heldur skreið inn í skel. Það má alveg gagnrýna fjölmiðla en það er ljótt að ljúga. ■

Velkomin í hlýjuna á Íslandi



Guðlaugur Þór Þórðarson
umhverfis-,
orku- og loftslags-
ráðherra

Við Íslendingar erum heppin að þeir sem á undan gengu höfðu kjark og þor til þess að fara ótroðnar slóðir í orkumálum. Það er fyrir tilstuðlan stjórnmálamanna um miðja síðustu öld að við getum nú boðið ferðamenn velkomna í hlýjuna hér á Íslandi í vetur á meðan stærstu efnahagsríki heimsins geta ekki hitað upp húsín sín vegna orkuskortis og hækkunar á verði vegna stríðsins í Úkraínu.

Það má öllum vera ljóst að hitaveituvæðingin um miðja síðustu öld var ekki átakalaust ferli. Hitaveita var ekki þekkt fyrirbæri og auðveldara hefði verið að halda sig við þekktari orkugjafa, til að mynda gas. Það gleymist gjarnan að hér á landi var rekin gasstöð fram á miðjan sjötta áratug síðustu aldar.

Græn orkuskipti

Sparnaður af notkun hitaveitu til húshitunar var metinn um 110 ma. kr. á ári. Gera má ráð fyrir því að sú tala hafi hækkað verulega síðan stríð braust út í Evrópu. Það þarf því ekki að eyða mörgum orðum í það hversu heppin við erum að þeir sem á undan gengu hafi tekið hugrökk skref í áttina að sjálfbærni í orkumálum. Við getum einnig verið þakklát fyrir það að hugmyndir um lagningu sæstrengs hafa ekki náð fram að ganga.

Nú stöndum við frammi fyrir gífurlega stórum áskorunum vegna markmiða okkar, og heimsbyggðarinnar, í loftslagsmálum. Markmiðin kalla á græn orkuskipti og allsherjar sjálfbærni Íslands í orkumálum. Til þess að við náum markmiðum okkar þurfum við áfram sjálf á allri okkar orku að halda og jafnframt huga að því að afla meiri orku og nýta betur þá kosti sem við búum þegar að.

Við stöndum frammi fyrir sambærilegum áskorunum og tækifærum og þeir sem lögðu í hitaveituvæðinguna. Græn orkuskipti koma okkur langt í loftslagsmálum næstu tvo til þrjá áratugina. En líkt og með hitaveituna munu komandi kynslóðir njóta góðs af okkar skrefum. Það þarf kjark og þor. En það mun borga sig. ■

”

Sparnaður af notkun hitaveitu til húshitunar var metinn um 110 ma. kr. á ári.

Van-máttur



Unnur Hrefna Jóhannsdóttir blaðamaður

Markmið ÖBÍ réttindasamtaka er að íslenskt þjóðfélag verði samfélag jöfnuðar og réttlætis þar sem allir einstaklingar, óháð líkamlegu og andlegu atgervi, njóti mannsæm- andi lífskjara og jafnra möguleika til sjálfstæðs lífs og virkrar samfélags- legrar þátttöku.

Í orðabók er máttur skilgreint sem afl eða styrkur en vanmáttur skortur á því sama.

Í árunna og aldanna rás hefur fatlað fólk iðulega átt erfitt uppdráttar í því samfélagi sem það hefur búið í, bæði vegna neikvæðrar orðræðu og viðhorfa. Á síðari árum hefur verið gerð gangskör að því að valdefla fatlað fólk. Það er þó fjarri því að það sé alls staðar þó svo að 15% mannkyns sé fatlað eða um 1 milljarður.

Sagan af mætti ömmu

Amma mín, Unnur Hrefna, sem ég er skírð höfuðið á fékk lömunarveikina í síðasta stóra faraldrinum sem reið yfir landið um miðjan sjötta áratuginn. Hún var þá 32 ára gömul. Það hafði hellirignt dagana á undan, svo mikið að það lak inn í kjallaraíbúð ömmu og afa. Dóttir hennar, sem þá var 7 ára, man eftir að móðir hennar hafi fundið fyrir sívaxandi máttleysi í fótum, svo mjög að hún skreið til að þurrka vatnið upp af gólfinu. En veikindin voru alvarlegri en þau virtust í fyrstu og amma lamaðist upp að brjósti og var ekki langt frá því að þurfa að nota svokölluð stál- lungu en þau voru notuð til að hjálpa fólki að anda. Amma var í tvö ár á spítalanum, Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg, þangað sem flestir sem fengu lömunarveikina fóru. Hún þurfti því að yfirgefa heimilið sitt, fjögur börn og eiginmann, snéri til baka í hjólastól og gat varla haldið á saumnál.



Á Íslandi er talið að fatlað fólk sé um 57.000. Rödd fatlaðs fólks þarf því að heyrast hátt og skýrt. Aðeins þannig getur þjóðfélagið orðið samfélag jöfnuðar og réttlætis.

Mikill var máttur hennar

Ég man hvað mér fannst máttur ömmu alltaf vera mikill og vilji hennar til sjálfstæðs lífs áberandi. Eina mynd, klippta út úr dagblaði, á ég af ömmu og afa í samstöðugöngu fyrir réttindum fatlaðs fólks, senni- lega tekin um 1970. Jafnvel þótt það væri eitt og annað sem hún gat ekki gert vegna lömunarinnar naut hún þess því betur að gera það sem hún gat. Hún varð miðjan sem hélt öllu saman. Fjölskyldan var henni allt og var aflið sem hvatti hana áfram. Lömunin rénaði og með stífum æfingum gat hún haldið á saumnál og sumaði eftir sem áður öll fót á börnin auk annarra heimilisstarfa.

Ég bar ávallt mikla virðingu fyrir þessari máttugu ömmu minni sem steikti kleinur og bakaði flatbrauð eftir kúnstarinnar reglum – löngu áður en hugtakið valdefling varð til. Þá þótti mér ekkert athugavert við að þessi amma mín væri í hjóla- stól og að hin færi um á tveimur

jafnfljótum. En auðvitað rakst hún oft á hindranir, hvort sem það var lélegt aðgengi eða skortur á ferðaþjónustu hvað þá að netversl- anir væru komnar til sögunnar. En í stað þess að sýta það, pantaði hún jóla- og afmælisgjafir upp úr vöru- listanum Quello og afi bar hana út í hina rússnesku og rúmgóðu Volgu og plantaði hjólastólnum í skottið. Saman fóru þau síðan í Fjarðarkaup eða Hagkaup Skeifunni sem voru

einu verslanirnar á höfuðborgar- svæðinu með gott aðgengi fyrir hjólastóla. Enn fremur ferðudust þau vítt og breitt um landið.

Í fjöldanum og fjölbreytileika sínum er fatlað fólk samfélag innan samfélagsins án þess þó að loka á aðra og í því er máttur þess falinn. Fatlað fólk er oft máttugt, enda reynir á að vera þolgóður á rauna- stund. Þrátt fyrir að við eigum ekki að líta á það sem eitthvert náttúru-



Í árunna og aldanna rás hefur fatlað fólk iðu- lega átt erfitt uppdrátt- ar í því samfélagi sem það hefur búið í, bæði vegna neikvæðrar orð- ræðu og viðhorfa.

lögmál. Fatlað fólk á sína góðu daga en líka síðri daga. Við erum engar hetjur. Á Íslandi er talið að fatlað fólk sé um 57.000. Rödd fatlaðs fólks þarf því að heyrast hátt og skýrt. Aðeins þannig getur þjóð- félagið orðið samfélag jöfnuðar og réttlætis. Sýnum hvers við erum megnug sem einstaklingar og samfélag og lögfestum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. ■

SAMSUNG

Galaxy S22 línan

Jólagjöfin í ár



Á myndinni eru Erling Haaland sem líklega er öflugasti framherji í knattspyrnu karla í dag og Galaxy S22 Ultra sem líklega er öflugasti farsími sem hægt er að fá fyrir jólin 2022. Erling skilur norsku en S22 línan skilur íslensku.

Fylgstu með frábærum tilboðum á S22 línunni fyrir jólin.

samsungmobile.is



RIF

RESTAURANT

Gjafabréf

sem gleður



Tilvalið í jólapakkann fyrir vini, ættingja eða samstarfsfélaga!



 /rifrestaurant
 /rifrestaurant

2.HÆÐ - FJÖRÐUR VERSLUNARMIDSTÖÐ

RIF.IS



Fjórar blákaldar staðreyndir



Friðrik Jónsson
formaður BHM

Kjarasamningar eru á næsta leiti, kröfugerðir hafa verið birtar og kunnuglegir frasar heyrast úr her-búðum stríðandi fylkinga. Málflutningur forystufólks virðist oft helst markast af pólitískri sannfæringu og því markmiði að magna drama og spennu fremur en að ná hagfelldum samningum fljótt. Hagtölur eru oft settar fram þannig að þær gagnist málflutningnum en þó ber á því að þær séu mistúlkaðar, teknar úr samhengi eða staðreyndir látnar í léttu rúmi liggja.

BHM birti fyrr í mánuðinum 15 áherslur aðildarfélaga sinna undir nafninu „Jafnréttissamningurinn 2023“, þar sem byggt er á staðreyndum og hófstillingu. Samhliða því var gefin út viðamikil skýrsla um virði háskólamenntunar í alþjóðlegum samanburði til að undirbyggja megináherslur bandalagsins í komandi kjarasamningum: prósentuhækkunar og leiðréttingu á skökku virðismati starfa. Markmiðið er að endingu að auka kaupmátt og tryggja áframhaldandi efnahagslegan stöðugleika. Ekki aðeins fyrir háskólamenntaða heldur alla á íslenskum vinnumarkaði.

Staðreynd:
Kaupmáttur sumra hefur aukist allt að sexfalt á við aðra

Meginmarkmið krönutöluhækkana lífskjarasamningsins var að leiðrétta kjör lágtekjuhópa sem höfðu borið hitann og þungann af miklum hagvexti í lágframleiðnigreinum. Að mörgu leyti nauðsynleg og skiljanleg krafa á þeim tíma en nú er enn og aftur krafist krönutöluhækkana. Vafasamar fullyrðingar fylgja um slæma stöðu launafólks á Íslandi og tekjuójöfnuð. Staðreyndin er hins vegar sú að kaupmáttarvegin meðallaun voru með þeim hæstu í heimi á árinu 2021 og hærri en á öðrum Norðurlöndum. Tekjujöfnuður var mestur á Íslandi innan OECD-ríkja fyrir gerð lífskjarasamningsins og síðan þá hefur kaupmáttur láglaunafólks aukist allt að sexfalt á við aðra. Kaupmáttaraukning hjá félagsfólki ASÍ í Reykjavík var til að mynda um 50% á tímabilinu mars 2019-janúar 2022. Á sama tímabili jókst kaupmáttur sérfræðinga BHM hjá ríkinu um 11% og iðnfélaga ASÍ á almennum markaði um 8%. Fyrirséð er að sú kaupmáttaraukning muni jafnvel þurrkast út á árinu 2022. Ef krönutöluhækkunarir verða aftur ráðandi

við gerð kjarasamninga gæti það jafngilt kröfu um kaupmáttar-rýrnun fyrir stóran hluta launafólks, meðal annars innan BHM og iðnfélaga hjá ASÍ. Vandséð er að stéttarfélög innan þeirra vébanda fái umboð til slíkra afarkosta.

Staðreynd:
40% minni arðsemi af háskólamenntun skapar samfélagsvanda
Einhver hafa stigið fram á síðustu misserum og haft í frammi gífurlyrði um stéttastrið, sjálfstöðu og óhófleg kjör svokallaðs „sérfræðingaveldis“. Staðreyndin er hins vegar sú að það er lítið að hafa upp úr háskólamenntun á Íslandi. Arðsemi háskólamenntunar er um 40% minni hlutfallslega en að meðaltali innan OECD og mun minni en á Norðurlöndum. Sumir sérfræðingar starfa á afslætti fyrir samfélagið og þá sérstaklega í þeim störfum sem hafa enga hliðstæðu á almennum markaði. Tímakaup sérfræðinga á almennum markaði (án stjórnenda) er til dæmis um 50% herra að meðaltali en tímakaup sérfræðinga hjá sveitarfélögum. Því herra sem hlutfall kvenna er í sérfræðistörfum því lægra er tímakaupið. Lág arðsemi háskólamenntunar gæti verið ein skýring þess að menntunarstig þjóðarinnar er mun lægra en hjá öðrum auðugum þjóðum og ungt fólk sækir háskólanám í minni mæli en jafnaldrar þeirra á Vesturlöndum. Sérstaklega hallar þar á karla. Að óbreyttu mun vanmat á menntun skapa samfélagsvanda á Íslandi. Það er ekki bara vandamál BHM.

Staðreynd:
Það er svigrúm til launahækkana
Árið 2010 sagði Steingrímur J. Sigfússon, þá fjármálaráðherra, ekkert svigrúm vera til launahækkana. Að teknu tilliti til efnahagslegrar óvissu og bágrar stöðu hagkerfisins á þeim tíma var sú afstaða að mörgu leyti skiljanleg en annað átti við næstu árin. Þrátt fyrir mikinn hagvöxt 2010-2019 sögðu forsvarsmenn atvinnulífs og ráðamenn nær ekkert svigrúm vera til launahækkana allan áratuginn. Staðreyndin er hins vegar að á þeim árum var samanlagður hagvöxtur á almennum markaði um 44% og raunlaun hefðu getað hækkað til jafns án þess að hafa teljanleg áhrif á verðlag eða stöðugleika. Í raun hækkuðu laun meira en svo á áratugnum en miklar launahækkunarir í samanburði við önnur lönd voru knúnar áfram af leiðréttingu raunlauna eftir hrúnið, kröftugum hagvexti og viðskiptakjarabata. Fátt bendir til þess að launahækkunarir hafi verið ósjálfbærar eða verðbólguvaldandi. Nú á árinu 2022 hafa forsvarsmenn atvinnulífs enn og aftur stigið fram og fullyrt að svigrúmið sé nær ekk-



Nú á árinu 2022 hafa forsvarsmenn atvinnulífs enn og aftur stigið fram og fullyrt að svigrúmið sé nær ekkert og að launahækkunarir gætu orðið hagkerfinu skaðlegar. Það er rangt.

ert og að launahækkunarir gætu orðið hagkerfinu skaðlegar. Það er rangt. Framleiðni hefur hækkað meira en laun á almenna markaðnum frá 2019 að meðaltali og staða og afkoma útflutningsatvinnuvega er betri en hún hefur verið um árabíl. Margar atvinnugreinar geta borið töluverðar launahækkunarir í komandi kjarasamningum án þess að þurfa að velja þeim út í verðlag. Hins vegar hafa mörg fyrirtæki nýtt tækifærið til að hækka verð í krafti fákeppninnar sem einkennir íslenskt hagkerfi. Við þurfum líka að tala um þau kjör sem fyrirtæki skammta sér í krafti hærri álagningar og fákeppni. Fyrirtækin bera líka ábyrgð.

Staðreynd:
Ákallið frá almenningi er skýrt og hreyfingin verður að hlusta
Í nýlegri könnun sem framkvæmd var af Maskínu fyrir BHM kemur í ljós að ímynd verkalýðshreyfingarinnar er almennt jákvæðari en ímynd Samtaka atvinnulífsins. Samt er það svo að einungis um fjórðungur aðspurðra telja verkalýðshreyfinguna sýna mikla ábyrgð í umfjöllun um efnahagsmál og efnahagssamhengi. Stöðugt efnahagsumhverfi virðist efst í huga launafólks en um 40% segja hreyfinguna eiga að leggja mesta áherslu á stöðugt efnahagsumhverfi í næstu kjarasamningum samanborið við um 25% sem segja nafnlaunahækkunarir meginmarkmiðið. Áherslan skal vera á kaupmáttaraukningu og varðveislu efnahagslegs stöðugleika. Við sem förum fyrir heildarsamtökum launafólks verðum að hlusta.

Verkefnið fram undan er því að vinna að kjarasamningum sem auka kaupmátt ráðstöfunartekna, leiðrétta skakkt verðmætamat starfa á opinberum markaði og tryggja efnahagslegan og félagslegan stöðugleika. Þannig stuðlum við að sátt á íslenskum vinnumarkaði og vinnum gegn verðbólgu og frekari vaxtahækkunum. Þannig verjum við betri lífskjör og höldum áfram í sókn. ■

ALLT

MIÐVIKUDAGUR 23. nóvember 2022

KYNNINGARBLAÐ

Suður-amerísk
veisla í Bíó Paradís

starri@frettabladid.is

Þessa dagana stendur yfir kvikmyndahátíðin Latin American Film Festival í Bíó Paradís í Reykjavík. Hátíðin er samstarfsverkefni sendiráða Argentínu, Chile, Kólumbíu, Venesúela, Perú og Mexíkó.

Sýndar verða sex nýjar og nýlegar kvikmyndir þar sem matur, tónlist og gleði verða í hávegum höfð.



Í dag, miðvikudag, verður kvikmyndin 1976 frá Chile frumsýnd en hún var í keppnisflokki á kvikmyndahátíðinni í Cannes á þessu ári. Myndin fjallar um Carmen, sem

tekur að sér að fela ungan mann í Chile árið 1976 með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Konsúll Chile á Íslandi, Michel Andrés Lavín, verður viðstaddur sýninguna.

Ókeypis skemmtun

Á morgun verður sýnd myndin Frumbyggjamorðinginn frá Perú. Myndin fjallar um fjóra vini sem halda hátíð til heiðurs verndara bæjarins, til þess að lina sorgir vegna nokkurra mannsvarfa.

Að sýningunni lokinni verður sérstakt tilboð á perúskum drykk á Bíóbarnum. Hljómsveit Kristofers Rodríguez Svónussonar mun halda uppi stuðinu ásamt DJ Javi Valiño og ýmislegt spennandi matarkyns verður til sölu.

Ókeypis er á allar myndir hátíðarinnar en henni lýkur sunnudaginn 27. nóvember. Hægt er að kynna sér dagskrána á bioparadis.is. ■



Inga Björk Ingadóttir starfar sem tónlistarkona, tónlistarkennari og músíkmeðferðaraðili. Hún segir músíkmeðferðina koma að góðum notum í kennslunni, sérstaklega þegar hún sinnir sértækri tónlistarkennslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Um heilunargildi tónlistar

Inga Björk hefur sinnt músíkmeðferð fyrir skjólstæðinga á Íslandi frá árinu 2011. Hún segir fagið lengra á veg komið erlendis en hér á landi þrátt fyrir ótvíræðan jákvæðan ávinning fyrir skjólstæðinga sem hljóta hana. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól

BEST I TEST
Best-i-Test 2022

EVY
TECHNOLOGY

DAILY UV
FACE MOUSSE

LONGLASTING
HIGH SPF PROTECTION

30

WATERPROOF / POLLUTION DEFENSE
FOR ALL SKINTYPES

PREVENTS DARK SPOTS
HYDRATING • HYALURONIC ACID

Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is


Jóhanna María
Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Inga Björk Ingadóttir er menntuð tónlistarkona og músíkmeðferðarfræðingur. Eftir burtfararpróf í pianóleik frá Tónlistarskóla Kópavogs árið 1999 fór hún í háskólanám í músíkmeðferð í Berlín 2001–2006. Í kjölfarið starfaði hún við músíkmeðferð og sértæka tónlistarkennslu í Þýskalandi og Austurríki á hinum ýmsu stofnunum, bæði á heilbrigðis- og uppeldissviði. „Frá árinu 2011 hef ég svo boðið upp á músíkmeðferð hér á Íslandi. Ég hef starfað á ýmsum sviðum í mínu meðferðarstarfi, einna helst með börnum og ungmennum. En einnig í klínísku geiranum við líknandi meðferð á sjúkrahúsi sérhæfðu í krabbameinslækningum,“ segir Inga Björk.

Árið 2014 stofnaði Inga Björk Hljómu sem hún starfrækir í Hafnarfirði. Hún er starfandi tónlistarkona og hefur aðsetur í Hljómu. „Ég er tónskáld, lýrurleikari og söngkona. Ég hef gefið út tvær breiðskífur og allnokkrar smáskífur auk myndbanda, og held reglulega tónleika: nú síðast með Matthíasi Hemstock slagverksleikara. Í Hljómu sinni ég einnig bæði músíkmeðferð og sértækri tónlistarkennslu. Einnig held ég þar námskeið fyrir yngsta tónlistarfólkið og tek daglega á móti skjólstaðingum og nemendum frá eins árs gömlum og upp úr.“ Ásamt starfi sínu í Hljómu sinnir Inga Björk sértækri tónlistarkennslu í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og Tónlistarskóla Kópavogs.

Það býr tónlist í okkur öllum

„Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á tónlist og fólki og starfið mitt sameinar þessi áhugasvið á svo skapandi og magnaðan hátt. Hver og einn skjólstaðingur kemur á sínum eigin forsendum og við finnum í sameiningu hentugustu leiðina um tónlistina. Við í tónlistinni og hún í okkur. Því það býr jú tónlist í okkur öllum.“

Músíkmeðferð segir Inga Björk að sé hvort tveggja fræðigrein og meðferðarform. „Tónlist í öllum sínum fjölbreyttu formum hefur frá örófi alda verið notuð á eflandi, uppbyggjandi og heilandi máta, enda eru jákvæðir eiginleikar hennar svo magnaðir og ótal margir. Það var svo fyrir miðbik síðustu aldar að það fór að þróast fræðigrein um heilunargildi tónlistar og hægt var að læra um það og öðlast sérfræðipækkingu í faginu. Samhliða hefur fagfólk um allan heim unnið mikilvæga rannsóknarvinnu á greininni sem sýnir fram á djúpstæð áhrif músíkmeðferðar og ótvíræðan jákvæðan ávinning fyrir skjólstaðinga sem hljóta hana.“

Inga Björk er félagi í Fismús, félagi músíkmeðferðarfræðinga á Íslandi, og var formaður félagsins 2015–2018. „Samkvæmt skilgreiningu Fismús, er músíkmeðferð skipulögð notkun tóna, hljóða og hreyfinga sem beitt er til að auka velliðan eða endurnýja, viðhalda og þróa andlega og líkamlega heilsu og/eða getu. Sérstök tón- og hljóðareiti, eða eiginleikar og eðlisþættir tóna og hljóða, og tengsl sem myndast í tónlistarreynslunni eru notuð af sérfræðingi í þeim tilgangi að ná settum markmiðum í meðferð, kennslu og endurhæfingu fólks sem á við líkamleg, andleg og félagsleg vandamál eða fötlun að stríða.

Hér á landi eru nokkrir sem sinna músíkmeðferð, en eins og búast má við eru fleiri sem sinna faginu í löndunum í kringum okkur. Þar er aðgengi að námi í



Inga Björk stofnaði Hljómu í Hafnarfirðinum árið 2014.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Inga Björk sinnir yngri kynslóðinni mikið í tónlistarkennslu. Hér taka börn þátt í Barnahörpunni, hópnámskeiði fyrir 2-6 ára.

MYNDIR/ADSENDAR

faginu en músíkmeðferð er ekki kennd hér á landi á háskólastigi. Einnig eru teymisvinna fagaðila og fjölþættari meðferðarúr-ræði þar lengra á veg komin en á Íslandi,“ segir Inga Björk.

Þarf að vera tónlistarmenntaður til þess að geta fundið áhrif músíkmeðferðar?

„Músíkmeðferð er fyrir alla og er engar tónlistarkunnáttu krafist. Starfssvið okkar sem músíkmeðferðaraðila er því afar fjölbreytt. Við sinnum alls konar fólki; mæðrum og fyrirburum, börnum og ungmennum með ýmsar áskoranir, fullorðnum í líkamlegum og/eða andlegum veikindum í klínísku teymi, fólki með heilabilun eða í líknandi meðferð, svo nokkur dæmi séu tekin.

Meðferðarvinnan er einnig afar einstaklingsmiðuð. Yfirbragð og viðfangsefni hvers meðferðarferlis er eins fjölbreytilegt og við erum öll ólík. Hljóðfæri sem eru notuð eru af öllum stærðum og gerðum. Röddin, hreyfing, textar, tónar og þögn eru svo nokkur dæmi um þætti sem koma líka við sögu.“

Þú sinnir líka tónlistarkennslu.

”Ég finn fyrir mikilli vakningu hjá tengdum starfsstéttum og tónlistarskólum og breyttri sýn á aðgengi að tónlistarnámi.

Inga Björk

Blandast aðferðir músíkmeðferðar eitthvað inn í kennsluna og öfugt?

„Sértæk tónlistarkennsla er náskyld músíkmeðferðinni. Sviðin skarast að einhverju leyti og þar er handbragð músíkmeðferðarfræðingsins alltaf til staðar. Ég finn fyrir mikilli vakningu hjá tengdum starfsstéttum og tónlistarskólum og breyttri sýn á aðgengi að tónlistarnámi. Allir eiga að fá tækifæri til tónlistarnáms, óháð áskorunum sínum. Og með hjálp okkar fagfólksins á tónlistarnám og sköpun að laga sig að þörfum barnanna og ungmenntanna en ekki öfugt.“ ■



Inga Björk vinnur með alls konar fólki. Hér kemur nemandi fram fyrir framan samnemendur sína.



Börn elska tónlist.

MYND/OLGA BJÖRT ÞÓRÐARDÓTTIR



Tónlist hefur heilandi áhrif og hefur fylgt manninum frá örófi alda. Það býr tónlist innra með okkur öllum.

Bjartari framtíð án ofbeldis

Soroptimistar um allan heim standa fyrir 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi frá 25. nóvember til 10. desember. Soroptimistar hafa verið með slíkt átak á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gagnvart konum og stúlkum í þrjá áratugi.

elin@frettabladid.is

Guðrún Lára Magnúsdóttir, forseti Soroptimistasambands Íslands, segir að það sé markmið soroptimista að vinna að bættri stöðu kvenna, gera háar kröfur til siðgæðis, vinna að mannréttindum öllum til handa, vinna að jafnrétti, framförum og friði með alþjóðlegri vináttu og skilningi. „Við viljum vekja athygli á raunverulegum aðstæðum sem konur, börn og fólk almennt býr við í ofbeldissamböndum. Tölur þar um staðfesta að sjö tilkynningar um heimilisofbeldi eða ágreining bárust lögreglunni á degi hverjum, eða 205 tilkynningar á mánuði, fyrstu sex mánuði ársins 2022,“ segir hún.

„Eins og undanfarin ár erum við þátttakendur í að koma mikilvægum og skýrum skilaboðum til allra varðandi 16 daga átakið. Á þennan hátt getum við sáð fræjum til einhverra sem búa við bágar aðstæður og segjum: „Soroptimistar hafna ofbeldi.“

Til að vekja athygli á átakinu hafa Soroptimistar óskað eftir því við utanríkisráðherra, Þórdísi



Kolbrúnu Reyk fjörð Gylfadóttur, að hún beiti sér fyrir því, eins og forverar hennar hafa gert, að öll sendiráð okkar Íslendinga erlendis verði roðagyllt þessa sextán daga sem átakið stendur yfir. Í ár bætum við um betur og óskum eftir því að öll ráðuneyti á Íslandi verði roðagyllt. Þessi áskorun nær einnig til allra opinberra bygginga á Íslandi og þar spila klúbbarnir lykilhlutverk í að roðagylla landið með því að hvetja sín sveitarfélög og kirkjur til þess. Hér á landi eru starfandi nítján Soroptimistaklúbbar,“ segir Guðrún Lára.

„Stjórn landssambands Soroptimista á Íslandi er í marga mánuði að undirbúa verkefnið og hefur

hver stjórnarkona sitt hlutverk í því en við deilum verkefnum niður á okkur. Haldnir eru fundir með Soroptimistasysturum í Evrópu þar sem verið er að miðla upplýsingum og ákvarðanir teknar um hverjir séu áherslupættir átakans.

Áherslan í ár felst í fræðslu um hvernig koma megí auga á og stöðva ofbeldi í nánum samböndum. Þessi fræðsla þarf að koma fyrir sjónir almennings meðal annars með milligöngu Soroptimista með því að deila þeim fróðleik sem þegar er til hér á landi um þetta mikilvæga málefni. Þar skiptir upplýsingasiða 112 miklu máli.

Í ár mun stjórn landssambands

Guðrún Lára er forseti lands-sambands Soroptimista á Íslandi. Soroptimistar hafna öllu ofbeldi og verða með átak þess efnis næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Áherslan í ár felst í fræðslu um hvernig koma megí auga á og stöðva ofbeldi í nánum samböndum.

Soroptimista ásamt klúbbunum um land allt styrkja tvö verkefni, annars vegar Sigurhæðir og hins vegar Kvennaathvarfið sem ætla að byggja nýtt neyðarathvarf. Húsið yrði fyrsta sérhannaða neyðarathvarfið á Íslandi fyrir konur og börn sem eru að flýja ofbeldi.

Hvannarrótin bjargaði næturbröltinu

Svefntruflanir af völdum næturbrólts höfðu fylgt Halldóri Kjartanssyni í nokkur ár þegar hann prófaði að taka inn Hvannarrót frá ICEHERBS. Í dag segist hann ekki sleppa skammti.

Halldór byrjaði að finna fyrir tíðari þvaglátum fyrir um þremur árum síðan og hafði næturbröltið neikvæð áhrif á gæði nætursvefnsins. „Mín rúttína er þannig að ég fer oftast að sofa á milli tólf og eitt. Síðustu ár hef ég vaknað klukkan fjögur eða fimm hverja nótt til þess að pissa. Ég starfa sem framkvæmdastjóri hjá fyrirtæki með náttúrulegar snyrtivörur. Þegar ég vakna svona á nóttunni fer hugurinn af stað fyrir næsta dag. Þá getur verið erfitt að sofna aftur og oftast var ég að dorma til sjö. Ég var því ekki að ná nema um 4-5 tíma samfelldum svefni alla jafna,“ segir Halldór.

Fyrir vikið varð Halldór virkilega þreyttur þegar liða fór á daginn. „Ég stunda útivist og hreyfingu, geng á fjöll og fer í golf. Svo fer ég í hot yoga í ræktinni. Ef nætursvefninn er ekki í lagi þá nennir maður ekki í hot yoga eftir vinnudaginn. Maður dettur miklu frekar í óhollustu og kaffidrykkju og sofnar svo yfir kvöldfréttunum.“

Fann mun eftir nokkra daga

„Ég hef ekki farið til læknis enda hef ég lesið að þetta tengist aldrinum. Menn fá oft tíðari þvaglát upp úr fimmtugu. En ég hafði prófað ýmis erlend bætiefni sem áttu að hjálpa til við þetta vandamál. Mér fannst ekkert virka nógu mikið. Meðal annars keypti ég rándýra stóra dollu af einhverju sem hafði engin áhrif á mig. Ég hafði líka prófað að minnka vökvainntöku seinnipart dags, en það varð bara



Halldór Kjartansson segir það hafa bjargað nætursvefninum að þurfa ekki lengur að vakna á nóttunni til að fara á klósettið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



til þess að ég varð mun þyrstari en ella seinna um kvöldið. Ég var heldur ekkert spennur fyrir því að geta aldrei fengið mér vatn eða stöku björglas á kvöldin.

Svo las ég víðtal við einhvern sem hafði tekið inn hvannarrótina frá ICEHERBS og mælti með henni fyrir þetta vandamál. Ég ákvað

að slá til fyrir um hálfu ári síðan og prófa. Það tók bara nokkra daga og ég fann þvílíkan mun á mér. Í stað þess að vakna upp úr fjögur þá sef ég nú samfleytt til sjö á hverri nóttu. Það munar því gríðarlega að sofa sjö tíma á nóttu í stað fjögurra. Það er gott að vakna úthvildur á morgnana og það er líka gott fyrir dagvinnuna og geðheilsuna.“

Tekur þrjár á dag

„Ég tek tvær töflur af hvannarrót á kvöldin fyrir svefninn og eina í hádeginu. Ég tek því alls þrjár yfir daginn. Þetta fækkar klósettferðunum yfir daginn og ég sef samfleytt alla nóttina, þökk sé hvannarrótinni. Ég hef ekki breytt neinu öðru í minni rúttínu. Ég drekk enn þá fjóra kaffibolla á dag og þann seinasta strax eftir kvöldmat. Ég er bara sáttur við að þetta virki fyrir mig á mínum forsendum. Einnig finnst mér það skipta máli að þetta sé náttúru-

leg framleiðsla. Ég hef tröllatrá á náttúrulegum vörum og ég er sáttur við að taka þetta inn því ég veit að það eru engin skaðleg efni í þessu. Svo er það mikill plús að þetta sé íslensk framleiðsla. Að versla íslenskt styrkir efnahaginn og atvinnulífið í landinu.“

Fer Esjuna eins og ekkert sé

Góður nætursvefn og að taka réttu vítamínin segir Halldór að séu hluti af því að hugsa vel um sjálfan sig. „Í dag er ég hraustur. Ég fer Esjuna og 2-3 sinnum í ræktina í viku hverri. Ég held að margir vanmeti hversu mikið góður nætursvefn hefur að segja þegar kemur að heilsunni. Ég veit það í dag hvað hann er dýrmætur fyrir mig því hann gerir mér kleift að stunda þá hreyfingu sem ég vil. Í dag er ég sáttur og sáll með lífið og hlakka til sumarsins.“

Hvannarrótin frá ICEHERBS

Hvannarrót er úr íslenskrí æti-

Hægt er að leggja söfnuninni lið með því að leggja inn á reikning Soroptimistasambands Íslands, 0319-13-701113, kennitala 551182-0109.“

Afhending styrkja fer fram 10. desember á degi Soroptimista,“ segir Guðrún Lára en vel hefur gengið að vekja athygli á málinu. „Ég hef setið sem forseti samtakanna í tvö ár og greini mun á því hversu mikla athygli verkefnið fær milli ára, að ekki sé minnst á að konur í samtökunum eru frjóar í að vekja athygli fólks á átakinu með alls kyns söluvarningi og hinum ýmsu uppákomum.

Soroptimistar eru alþjóðleg samtök kvenna sem hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri heimsmynd, þar sem samtakamáttur kvenna nær fram því besta sem völ er á. Samtökin vinna að bættri stöðu kvenna, að mannréttindum öllum til handa sem og jafnrétti, framförum og friði með alþjóðlega vináttu og skilning að leiðarljósi. Soroptimistar stuðla að menntun kvenna og stúlkna til forystu.

Soroptimistar um allan heim munu slást í för með um 6.000 samtökum í 187 löndum sem leidd eru af Sameinuðu þjóðunum til að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi gegn stúlkum og konum með þátttöku í 16 daga átakinu #roðagyllumheiminn, #orange-the-world. Roðagyllti liturinn sem er litur átakans táknar bjartari framtíð án ofbeldis gegn konum og stúlkum. ■

hvönn, sem heitir á latínu Ange-lica archangelica. Ætíhvönn hefur sterkar rætur sem búa yfir miklum krafti og róttín á plöntunni virðist vera virkari og hafa mun meiri örvandi áhrif en aðrir hlutar plöntunnar. Hvannarróttin frá ICEHERBS er þurrkuð og möluð hvannarrót í hylkjum úr jurtabeðmi, sem gerir vöruna 100% náttúrulega.

Ætíhvönn er ein þekktasta nytja- og lækningajurtin sem notuð var á Íslandi og víðar í norðurálfu til forna, en hún vex aðallega á norðlægum slóðum eða hátt til fjalla í Evrópu. Allir hlutar plöntunnar hafa verið nýttir í gegnum tíðina en róttín var einna mest notuð til lækninga þar sem styrkleikar hennar hafa alltaf verið vel þekktir.

Jurtin er þekkt fyrir að vinna gegn einkennum ofvirkrar þvagblöðru og getur viðhaldið heilbrigði þvagblöðru og þvagrás. Sýnt hefur verið fram á að notkun hvannar geti fækkað salernisferðum og þar með haft jákvæð áhrif á svefn og um leið bætt daglegt líf. Áhrif hvannarrótar eru margvísleg og fyrir utan jákvæð áhrif hennar á þvagblöðru hefur hún lengi verið notuð við hvers kyns meltingarvandamálum, til að örva meltingu og draga úr uppþembu og lofti í maga. Dagleg inntaka hefur mikil jákvæð áhrif á líðan fólks.

Á seinni árum hafa svo verið gerðar miklar vísindalegar rannsóknir á virkni og efnainnihaldi ætihvannar sem hafa leitt í ljós að sú virkni sem kennd hefur verið við hvönnina í þúsundir ára er sannanleg og að ætíhvönnin sé einkar virk og öflug jurt. ■

Hvannarróttin frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó og Fjarðarkaupum. Sjá nánar á iceherbs.is.

Kláði í kynfærum er ekki alltaf sveppasýking

Óþægindi á ytri kynfærum og í leggöngum kvenna eru oft meðhöndluð sem sveppasýking, en um helmingur tilfella á sér aðra skýringu. Fjölmargir þættir geta valdið óþægindum á ytri kynfærum og í leggöngum eins og kláða, sviða, roða, ertingu, bólgu og aukinni útfærð.

Óþægindi á ytri kynfærum og í leggöngum koma í flestum tilfellum fram vegna bólgu (e. vulvovaginitis). Bólga myndast þegar heilbrigðar varnir húðar eða slímhúðar hafa brostið. Slikt getur til dæmis gerst vegna sýkinga af völdum baktería, sveppa eða veira, jafnvel vegna ertandi- og ofnæmis-valdandi efna.

Bakteríur eru hluti af náttúrulegri flóru legganga og stuðla að heilbrigði þeirra. Þegar ójafnvægi kemst á samsetning bakteríu-flórunnar getur sýking komið upp. Ójafnvægi getur skapast þegar breyting verður á sýrustigi í leggöngum og magni kvenhormóna. Það gerist yfir tíðahringinn, á meðgöngu, við brjóstagjöf, við tíðahvörf og við inntöku á hormónum eins og getnaðarvarpillunni. Einnig er þekkt að tíðablóð hafi áhrif á sýrustig og konur finni fyrir kláða og öðrum óþægindum dög-unum fyrir blæðingar og í nokkra daga á eftir. Sæði getur líka raskað jafnvægi bakteríuflórunnar og getur þannig valdið óþægindum í leggöngum eftir samfarir. Það sem einkennir bakteríusýkingar er þunnfljótandi og oft illa lyktandi útfærð.

Sveppir eru þekkt orsök óþæginda á kynfærum kvenna. Óþægindin eru oftast vegna sveppsins Candida albicans sem er



Notkun ertandi efna hefur aukist og er þau að finna víða, til dæmis í ilmefnum, nærfötum, sápum, dömubindum, túrtöppum, smokkum, sleipiefnum.



hluti af náttúrulegri flóru legganga og veldur ekki sýkingu nema að magn hans verði óeðlilegt. Inntaka sýklalyfja, meðganga, sykursýki, járnskortur, ónæmisbæling og inntaka hormóna eykur líkur á sveppasýkingu. Það sem einkennir sveppasýkingar er þykk, kekkjótt og lyktarlaus útfærð.

Ertandi efni eru einnig orsaka-valdur óþæginda á kynfærum og í leggöngum. Notkun ertandi efna hefur aukist og er þau að finna víða, til dæmis í ilmefnum, nærfötum, sápum, dömu-bindum, túrtöppum, smokkum, sleipiefnum. Rakstur skapahára og aðrar háreyðing-araðferðir eru oft mjög ertandi fyrir húðina og valda óþægindum í kjöl-farið. Það sama gildir þegar

Rosonia Vagi Caps eru hylki sem sett eru upp í leggöngin. Rosonia froða er fyrir ytri kynfæri.

Ójafnvægi getur skapast þegar breyting verður á sýru-stigi í leggöngum og magni kvenhormóna.

sápa er notuð á kynfæri en hana ætti að nota sparlega og aldrei upp í leggöng.

Rosonia reddar þessu
Rosonia lækningavörurnar meðhöndla og fyrirbyggja óþægindi á kynfærum kvenna. Þær draga fljótt úr kláða og ertingu og vinna gegn sýkingum, bæði á ytri kynfærum og í leggöngum. Vörurnar eru náttúrulegar, án hormóna og innihalda hvorki ilmefni né para-bena.

Rosonia VagiCaps eru litil mjúk hylki sem sett eru upp í leggöng. Hylkin leysast hratt upp og slá fljótt á kláða og sviða. Þau vinna gegn sýkingum, vernda slím-húðina og stuðla að náttúrulegri flóru legganga. Hylkin má nota á meðgöngu, eftir fæðingu og við brjóstagjöf, bæði til meðhöndlun-ar og fyrirbyggjandi. Mælt er með að nota 1 hylki í leggöng að kvöldi í eina viku, eða eftir þörfum.

Rosonia froðan er notuð við óþægindum á ytri kynfærum. Froðuna má einnig nota við enda-þarm. Rosonia slær fljótt á kláða, ertingu og græðir sára húð. Hún vinnur gegn sýkingum og hentar vel eftir háreyðingu og rakstur. Rosonia er bæði rakagefandi og græðandi og hentar konum sem eru að jafna sig eftir fæðingu. Froðan er borin á hreina húð eftir þörfum, þornar fljótt og klístrast ekki. ■

Einstök tilfinning að vinna gullið

Birta Líf Þórarinsdóttir vann gullverðlaun á Norðurlanda-móti barna og unglinga í lyftingum fyrir í þessum mánuði. Markmið hennar eru fyrst og fremst þau að njóta og hafa gaman af að æfa og keppa.

starri@frettabladid.is

Ísland eignaðist fjóra Norður-landameistara á Norðurlanda-móti barna og unglinga í lyft-ingum sem fram fór í Garðabæ fyrir í þessum mánuði. Birta Líf Þórarinsdóttir, sem varð tvítug á árinu, var eina konan í sigurhópn-um að þessu sinni en hún lyfti 86 kílóum í snörun og 107 kílóum í jafnhendingu sem gerir 193 kíló samanlagt og dugði til gullverð-launa í 76 kílóa flokki unglinga. Hún segir það hafa verið ein-staka tilfinningu að vinna gullið. „Tilfinningin var frábær. Það var sérstaklega gaman að vinna titilinn á heimavelli þar sem það kom mikið af fólki sem ég þekkti til að horfa á mig og hvetja.“

Annasamir mánuðir
Birta Líf hefur stundað íþróttir mjög lengi og var til dæmis í fótbolta og fimleikum á sínum yngri árum. „Árið 2017 byrjaði ég í CrossFit og kynntist þar ólympískum lyftingum. CrossFit hefur í raun alltaf verið mín aðalíþrótt og ég hef keppt á þó nokkrum mótum úti um allan heim, þar á meðal heimsleikunum árið 2018. Ólympískar lyftingar eru hluti af CrossFit en þær hafa alltaf verið minn helsti styrkleiki. Þess vegna



byrjaði ég einnig að keppa í þeim.“ Mánuðirnir fyrir mótið hafa verið annasamir hjá henni, sérstaklega síðustu tveir mánuðir. „Ég fór til Madrid, Sviss og Danmerkur í haust að keppa á CrossFit-mótum. Vegna þessara móta var ég ekki með einhvern sérstakan undirbúning fyrir Norðurlandamótið. Ég fékk svo óvænt boð þremur dögum fyrir mót um að keppa á Smáþjódaleikunum í ólympískum lyftingum sem haldnir voru á Kýpur, helgina fyrir Norðurlanda-mótið. Þar gekk mér mjög vel, náði öllum mínum lyftum og bætti minn besta árangur. Þetta gerði mikið fyrir sjálfstraustið mitt fyrir komandi Norðurlandamót.“

Lítill hvíld fram undan
Og það eru næg verkefni fram undan hjá henni. „Ég keppi á Íslandsmóti unglinga í lyftingum í lok desember og í byrjun janúar fer ég til Miami að keppa í CrossFit. Ég stefni svo á að keppa á Evrópumóti U23 í lyftingum sem verður haldið á næsta ári. Markmiðið er fyrst og fremst að njóta og hafa gaman af að æfa og keppa. Mig langar til þess að halda áfram að keppa og safna reynslu þar sem ég er að stíga mín fyrstu skref í fullorðinsflokki.“ Utan lyftinga og CrossFit stundar Birta Líf diplómanám í styrktar- og þolþjálfun við Háskólann í Reykjavík sem hún klárar í vor. „Svo er ég að vinna í Hinu húsinu og er einnig þjálfari í CrossFit í WorldFit.“ ■

Birta Líf Þórarinsdóttir vann til gullverðlauna á Norðurlanda-móti barna og unglinga í lyftingum fyrir í þessum mánuði.

MYND/ADSEND

Spurt og svarað

Hver er uppáhaldsæfingin og hver er í minnstu uppáhaldi?
Uppáhaldsæfingin mín er ólympískar lyftingar, eða snörun og jafnhending. Sú sem er í minnstu uppáhaldi er hlaup. Ég er hins vegar komin á hlaupaprógramm til að reyna að breyta því.
Hvað færðu þér helst í morgunmat?
Annaðhvort fæ ég mér beyglu eða jógúrt með músli.
Hvað finnst þér gott að fá í kvöldmat?
Almennt borða ég fjölbreyttan og hollan mat, en það sem er í miklu uppáhaldi er pítsa eftir góða æfingu.
Hvert er besta millimálið?
Mér finnst gott að grípa í Barbells-prótein-stykki, skyrskvísu og einn iskaldan Nocco með.
Hver er erfiðasti andstæðingurinn?
Erfiðasti andstæðingurinn er maður sjálfur. Maður hefur aldrei stjórn á því sem aðrir gera.
Hvaða þættir skipta mestu máli, til lengri tíma lítið, upp á góðan árangur í íþróttinni?
Að æfa jafnt og þétt og vera „consistent“. Einnig finnst mér mjög mikilvægt að hafa gaman af því að æfa, því að um leið og þetta er hætt að vera gaman ertu ekki lengur að gera þetta fyrir sjálfan þig.
Hvernig kemur þú þér í girinn fyrir mót?
Ég er ekki með neina sérstaka rútinu. Ég verð alltaf nokkuð stressuð fyrir mót, en um leið og ég byrja að hita upp breytist stressið í spennu sem kemur mér í girinn.
Ertu morgunhani eða finnst þér gott að sofa út?
Mér finnst gott að sofa út en það er ekki vandamál fyrir mig að vakna snemma ef að ég þarf þess.
Ertu nammigrís?
Stutta svarið er já.

Það var sérstaklega gaman að vinna titilinn á heimavelli þar sem það kom mikið af fólki sem ég þekkti til að horfa.

Birta Líf

Bílar & Farartæki



Volvo V60 Summum Pugin Hybrid 4x4. 1/2018 ekinn aðeins 26 þ.km. Diesel/ rafmagn. Leður sæti. 19" Titanium felgur. Nú er að vera snöggur! Verð: 4.990.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málalarar

MÁLARAR.
Faglærðir Málalarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameisteri. Löggiltir málalarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar
Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

regnvorn.is

Nudd
NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500





LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnst fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS 24.500 kr.*

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafa og dv.is

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

Skilvirk

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svartpóstur
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttækur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafa alltaf til taks ef á þarf að halda


*Verð er án vsk.



Uppþvottavélar
fyrir allar stærðir eldhúsa



Aristarco Undirborðs uppþvottavél AF50.35 DP DDE V400
Ytra mál:
BxDxH: 57,2 x 63,0 x 81,4
Stærð á kórflu 45 x 45 cm
Tveir þvottaspaðar efst og neðst
Innbyggður skammtari fyrir gljóa - Heit skulun
Vatnsmagn 18 ltr



Aristarco Hood uppþvottavél WH720
Stærðir BxDxH: 76,0 x 79,0 x 149 x 196 cm
Stærð á kórflu 50 x 50 cm
Rafeindastýring
Innbyggður tilbúinn vatnstankur
Sjálfvirkur skammtari fyrir þvottaefni og gljóa - Heit skulun
Vatnsmagn 18 ltr - Hurðaoþ 30,5 cm
Sjálfvirk start/Stopp í loki



760
442
1969



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geiriahf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS



www.verslun.is

Sýningarsalur - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Taktík 5792 #

Þolinmóður Patrik setur markið hátt

Patrik Sigurður Gunnarsson, markvörður Víking í Noregi kom sá og sigragði þegar íslenska karlalandsliðið lyfti titli á laugardag. Uppgangur Patriks hefur vakið athygli.

Helgífannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Markvörðurinn Patrik Sigurður Gunnarsson hefur átt ansi gott ár í boltanum. Hann er fastamaður á milli stanganna hjá Víking í norsku úrvalsdeildinni og á dögnum lék hinn 22 ára gamli Patrik sinn annan A-landsleik fyrir Íslands hönd. Kappinn setur markið hátt með bæði félags- og landsliði.

Patrik er nýkominn úr verkefni með íslenska landsliðinu, þar sem liðið vann Eystrasaltsbikarinn. Ísland lagði Litáen að velli í undanúrslitum mótsins og Lettland í úrslitaleiknum. Bæðir leikirnir fóru alla leið í vítaspyrnukeppni. Patrik stóð á milli stanganna í seinni leiknum.

„Við gerðum það sem við ætluðum okkur, að vinna mótið. Það var kannski ekki á sem fallegastan hátt,“ segir Patrik í samtali við Fréttablaðið. Þó að mótið hafi ekki verið það stærsta segir hann skemmtilegra að hafa að einhverju að keppa, ólíkt því þegar hinir hefðbundnu vináttulandsleikir eru spilaðir.

Það var ansi kalt er leikurinn gegn Lettum fór fram, um átta gráður í mínus. Það gerði liðunum erfiðara fyrir.

„Teigarnir voru gegnfrosnir. Völlurinn var aðeins mýkri á miðjunni því þar var dúkur fyrir leik. Það var ekki þægilegt að skutla sér. Það var líka erfitt að fóta sig og komast undir spyrnur því þetta var bara eins og að spila á flisum.“

Hefur sýnt þolinmæði

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður segir Patrik að íslenska liðið hefði átt að klára Letta á venjulegum leiktíma, sem og Litáa í undanúrslitum.

„Við áttum aldrei að hleypa þessu í vító. Við áttum að klára þetta á venjulegum leiktíma, sérstaklega því við vorum manni færri í klukkutíma. Við fengum færin en eins og í fyrri leiknum gegn Litáen kannski vantaði gæði á síðasta þriðjungi.“

Patrik var að spila sinn annan landsleik gegn Lettlandi. Hann varði síðustu vítaspyrnu Letta í úrslitaleiknum.

„Ég hef verið mjög þolinmóður síðan ég var færður upp úr U-21 árs

”

Við áttum aldrei að hleypa þessu í vító.

Patrik Sigurður Gunnarsson

liðinu. Það var mjög sætt fyrir mig að verja síðustu spyrnuna.“

Arnar Þór Viðarsson landsliðsþjálfari hefur haft verk að vinna frá því hann tók við stjórn íslenska liðsins í lok árs 2020. Patrik hafði áður starfað undir hans stjórn hjá U-21 árs liði Íslands.

„Ég tel að Arnar hafi gert mjög vel úr því sem hann fékk í hendurnar. Hann er kominn með sinn hóp og sitt lið. Ég held að það séu bjartir tímar fram undan og að við getum gert eitthvað í næsta undanriðli,“ segir Patrik.

Menn á borð við Aron Einar Gunnarsson, Jóhann Berg Guðmundsson, Sverri Inga Ingason og Guðlaug Victor Pálsson hafa snúið aftur í lið Íslands undanfarið.

„Það fóru margir reynslumiklir menn út úr liðinu í byrjun. Þá þurftu þeir ungu að stíga upp. Við öðluðumst mikla reynslu á því tímabili. Nú eru þeir nokkrir komnir til baka og það gerir svo mikið fyrir þennan hóp að fá þessa reynslubolta aftur. Það er mjög mikilvægt fyrir framtíðina að hafa þessa blöndu af ungum og reynslumeiri leikmönnum.“

Arnar hefur úr öflugum markvörðum að velja í íslenska liðinu, en þar eru Rúnar Alex Rúnarsson og Elías Rafn Ólafsson, ásamt Patrik.

„Samkeppnin er mjög góð og heilbrigð. Ég og Elías erum í yngri kantinum. Það eru yfirleitt eldri menn í markinu og Rúnar var þolinmóður þegar Hannes (Þór Halldórsson) var í liðinu. Hann hefur verið að spila mjög vel í Tyrklandi og ég skil vel að hann hafi staðið í markinu lungann úr landsleikjunum. Við Elías verðum bara að vera þolinmóðir.“

Skildi ákvörðunina

Patrik er á mála hjá Víking í norsku úrvalsdeildinni. Tímabilinu þar lauk um miðjan mánuðinn og höfnuðu Patrik og félagar í ellefta sæti.



Patrik Sigurður er einn af mörgum öflugum íslenskum markvörðum þessa stundina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Persónulega gekk mér mjög vel á tímabilinu. Liðinu gekk mjög vel í byrjun, við vorum á toppnum eftir 10-12 leiki. Svo fórum við í undankeppni í Evrópukeppni og vorum kannski með aðeins of lítinn hóp. Þá riðlast þetta svolítið til í deildinni. Svo dettum við út úr Evrópu og erum dottnir úr titilbaráttu í deildinni. Þá er eins og loftið hafi kannski leikið úr einhverjum leikmönnum.“

Það var einmitt um það leyti sem umræddir Evrópuleikir voru spilaðir að erlent félag steig fram með

gott tilboð í Patrik. Hann segir tilboðið hafa komið frá Belgíu.

„Þetta er klúbbur sem er búinn að standa sig vel og spila í Evrópu. Þetta var spennandi. Tilboðið var veglegt en þetta var kannski ekki rétti tímapunkturinn fyrir Víking til að selja.“

Norska félagið hafnaði tilboðinu og skildi Patrik það vel.

„Þegar tilboðið kom var ég ekki mikið að velta mér upp úr þessu því við vorum í miðri undankeppni Evrópu. Mér var búið að ganga mjög vel og þetta var bara góð viðurkenning fyrir mig. Ég skildi Víking vel að

Félaggliðaferill Patriks

Eftir að hafa leikið með yngri flokkum Breiðabliks hér á landi hélt Patrik til Brentford á Englandi árið 2018. Þar fór hann inn í varalið félagsins en átti þó eftir að leika einn leik með aðalliðinu á tíma sínum í Lundúnum.

Í byrjun árs 2020 lék Patrik um stutt skeið með Southend United á láni. Hann eyddi tímabilinu 2020–2021 svo á láni hjá Viborg og Silkeborg, þar sem hann varð fastamaður.

Seinni hluta síðasta árs var Patrik lánaður á ný, þá til Víking í Noregi, sem síðar keypti hann. Þar er hann enn og stendur sig afar vel.

taka ekki þessu tilboði á þessum tímapunkti.“

Patrik er samningsbundinn Víking út árið 2025. Hann er ungur að árum og liggur ekki á að fara, þó að markið sé sett hærra.

„Ég er ungur fyrir markmann og er búinn að vera að spila alla leiki í meira en tvö ár. Það mikilvægasta fyrir mig er að spila og þróa minn leik. Ég stefni alltaf hærra. Næsta skref er kannski eitthvað eins og Belgía. Maður sér hvað gerist á næsta árinu eða svo,“ segir Patrik Sigurður Gunnarsson. ■

Konur, líf og frelsi voru skilaboð íranskrar konu úr stúkunni

hoddi@frettabladid.is

HM Í KATAR Blóðugt ástand í Íran teygði anga sína til Katar á mánudag þar sem Heimsmeistaramótið í knattspyrnu fer fram. Fyrir leik Englands og Írans ákváðu allir landsliðsmenn Írans að syngja ekki með þjóðsöng þjóðarinnar, vakti þetta sterk viðbrögð út um allan heim.

Mótmæli hafa staðið yfir í Íran eftir að Mahsa Amini lést í haldi lögreglunnar í Teheran, höfuðborg Írans. Var Amini handtekin og sögð hafa brotið lög um höfuðslæður þar í landi, leikur grunur á að hún hafi verið lamine til dauða.

Þessu hefur verið mótmælt á götum úti og og er talið að allt að 400 einstaklingar hafi látið lífið í

átökum við lögregluna í Íran. Einnig hefur því verið haldið fram að um 17 þúsund einstaklingar hafi verið handteknir vegna mótmæla.

„Konur, líf og frelsi,“ stóð á skilti sem var á vellinum í Katar í gær, fleiri báru slík skilti og studdu við fólkið í heimalandinu. Stjórnvöld í Íran hafa reynt að halda því fram að mótmælin séu í reynd skipulögð af erlendum óvinum. Fram hefur komið að ekki hafi allir stuðningsmenn Írans tekið undir skilaboðin, sumir styðja stjórnvöld. Samkvæmt The Guardian deildu stuðningsmenn í stúkunni þeim skilaboðum sem liðið og fólkið sem hélt á skiltum í stúkunni sendi.

Fyrirliði Írans, Ehsan Hajsafi, hefur látið hafa það eftir sér að

»

Talið er að 400 einstaklingar hafi látist í mótmælum í Íran og um 17 þúsund verið handtekin.

ástandið í heimalandinu sé slæmt. „Fólkið er ekki hamingjusamt,“ segir Hajsafi en liðið hefur fengið mikið hrós frá hinum vestræna heimi fyrir að taka afstöðu gegn ástandinu í heimalandinu og syngja ekki þjóðsönginn. ■



Skilaboðin voru sterk og hafa vakið athygli um allan heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

30%

afsláttur af öllu í verslunni

23. - 26. nóv.

SVARTUR FÖSTUDAGUR

ÞÚSUNDIR FERMETRA AF FLÍSUM, HARÐPARKETI O.FL.

Kíktu á yfir

1300

vörur

á nýju heimasíðunni okkar www.alfaborg.is

*Gildir frá verðlistaverði frá miðvikud. 23. - laugard. 26.nóv.

Opið virka daga frá 08:00-18:00 / Föstud. 8:00-17:00 / Laugardaga 10:00-14:00



ALFABORG
- allt á gólfð -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Merkisatburðir

- 1589** Jakob 6. Skotakonungur gengur að eiga Önnu af Danmörku.
- 1648** Krýning Friðriks 3. fer fram í Danmörku.
- 1654** Blaise Pascal lendir í slysi sem leiðir til þess að hann fær opinberun og gerist trúaður.
- 1688** 1.500 fylgjendur gamla siðar brenna sig lifandi til að komast hjá handtöku þegar her Rússakeisara situr um klaustur þeirra við Onegavatn.
- 1700** Giovanni Francesco Albani verður Klemens 11. páfi.



- 1838** Vígður nýr kirkjugarður í Reykjavík, **Hólavallagarður** við Suðurgötu.
- 1912** Kólumbíska knattspyrnufélagið Deportivo Cali er stofnað.
- 1916** Karlakór KFUM stofnaður. Siðar er nafni hans breytt í **Karla-kórinn Fóstbræður**.
- 1939** Suðaustur af Íslandi er háð fyrsta sjóorrusta í heimsstyrjöldinni siðari er þýsku herskipin Gneisenau og Scharnhorst sökkva breska skipinu HMS Rawalpindi. Þar fórust um 270 menn en 23 var bjargað.
- 1947** Tyrone Power kvikmyndaleikari kemur við á Íslandi og vekur heimsóknin mikla athygli.
- 1953** Félag íslenskra teiknara stofnað.
- 1971** Alþýðulýðveldið Kína tekur sæti Lýðveldisins Kína í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.
- 1976** Flugvél frá Olympic Airways ferst á Ólympsfjalli með þeim afleiðingum að fimmtíu láta lífið.
- 1976** Jacques Mayol setur met í frikðfun þegar hann kafar niður á 100 metra á 3:39 við eyjuna Elbu.
- 1980** Nær 3.000 manns farast og 300.000 missa heimili sín í Irpíníujarðskjálftanum á Ítalíu.
- 1981** Íran-Kontrahneykslið: Ronald Reagan gefur leyniþjónustunni leyfi til að styðja Kontraskæruliða í Níkaragva.
- 1985** EgyptAir flugi 648 rænt af meðlimum hryðjuverka-hóps Abu Nidal og flogið til Möltu þar sem egypska sérsveitin ræðst á flugvélina með þeim afleiðingum að 60 láta lífið.
- 1992** Bandaríska söng- og leikkonan Miley Cyrus fæðist.



María Helga Guðmundsdóttir, umsjónarmaður Borkjarnasafnsins, segir það bókasafn fyrir vísindamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Með Surtseyjardellu sem barn

Borkjarnasafnið á Breiðdalsvík sinnir mikilvægu starfi sem fáir þekkja til.

arnartomas@frettabladid.is

Hrafnæping er heiti á röð fræðsluerinda um margvíslegt starf Náttúrufræðistofnunar Íslands sem fer að jafnaði fram yfir vetrarmánuðina. Í dag verður flutt kynning um Borkjarnasafnið á Breiðdalsvík – safn sem ekki margir þekkja til en sinnir mikilvægu hlutverki innan vísindasamfélagsins.

„Þetta er verkefni sem ég kom inn í fyrir tæplega tveimur árum síðan og er búið að vera í hægri uppbyggingu í langan tíma,“ segir María Helga Guðmundsdóttir, jarðfræðingur og umsjónarmaður safnsins. „Ég var ráðin inn á tímamarki þar sem hafði skapast svigrúm til að setja meiri kraft í það og ég ætla að greina aðeins frá starfsemi safnsins og fjalla aðeins um hvað stendur til á næstu árum.“

María Helga segir mjög skiljanlegt að fólk þekki ekki til safnsins.

„Borkjarnasafnið er vísindasafn, eitt af mörgum vísindalegum sýnasöfnum sem Náttúrufræðistofnun heldur utan um,“ útskýrir hún og vísar til þess að kollegar hennar haldi úti söfnum yfir plöntur, sveppi, fugla, steingervinga og allt mögulegt. „Borkjarnarnir eru sýni sem falla til við ýmiss konar jarðboranir og þótt það sé kannski búið að framkvæma þær rannsóknir sem stóð til þegar var borað fyrir þessu þá eru margar spurningar sem borkjarninn getur enn svarað fyrir vísindamenn.“

María Helga líkir safninu þannig við eins konar bókasafn fyrir vísindamenn.

„Rétt eins og maður hendir ekki bók þótt einhver hafi lesið hana einu sinni, þá hendirðu ekki borkjarna þótt einhver sé búinn að skoða hann einu sinni,“ segir hún. „Við höldum upp á þessa borkjarna þegar þeir eru færðir okkur og reynum að skapa aðstöðu þar sem fólk getur annað hvort komið og skoðað kjarnana hjá okkur, gert á þeim mælingar og þar fram eftir götunum, eða tekið sýni og greint með ýmsum aðferðum.“

Fimmtíu kílómetrar af kjörnum

Lagerinn á safninu er ekki beint lítill.

„Við erum með vel á ellefta þúsund kassa og í hverjum kassa eru allt að átta metrar af kjarna,“ segir María Helga. „Ég hef slegið á að þetta séu kannski fimmtíu kílómetrar af kjörnum sem við erum



Á borkjarnsafninu eru varðveittir yfir 10.000 kassar af borkjörnum úr jarðborunum víða um land.

MYND/ADSEND

Við erum með vel á ellefta þúsund kassa og í hverjum kassa eru allt að átta metrar af kjarna.

með ef við myndum stilla sívalningunum upp frá enda til enda.“

Sem jarðfræðingur þekkir María Helga mikilvægi kjarnanna vel af eigin reynslu.

„Við erum alltaf að reyna að ráða í það hvað er ofan í jörðinni undir fótum okkar út frá því hvað við sjáum á yfirborðinu,“ segir hún. „Það er víða hægt að gera sér ágætlega grein fyrir því sem um er að ræða en það skiptir alltaf máli að fá sem beinastar upplýsingar, hvort sem það er með mælingum eða hreinlega með svona borunum.“

Sem dæmi um hvernig kjarnarnir nýtast okkur í daglegu lífi bendir María Helga á byggingu mannvirkja.

„Hér á Austurlandi er okkur mikið

umhugað um jarðgöng og þau er ekki hægt að skipuleggja almennilega nema þú vitir hvers konar berg þú ert að fara í gegnum, hvar þú þarft að þetta það, hvar þú þarft að styrkja það og svo mætti lengi telja.“

Eftirlætiskjarninn

Ef það er hægt að spyrja einhvern út í það hvort viðkomandi eigi sér uppáhaldsborkjarna þá hlýtur það að vera María Helga.

„Það er erfitt að gera upp á milli barnanna sinna,“ segir hún og hlær. „Sá kjarni sem mér hefur fundist merki-legast að komast í snertingu við er borkjarninn frá Surtsey 1979. Þá var borað í miðju eyjarinnar, niður á 180 metra dýpri, ekki nema tólf árum eftir goslok.“

Það eru ekki margir borkjarnar í heiminum þess eðlis að vera boraðir beint niður í nýgosið eldfjall, hvað þá svona sérstakt gos eins og Surtseyjargosið sem kemur upp neðansjávar.

„Það er mikil móbergsmýndun sem er hægt að rekja í kjarnanum,“ segir hún. „Ég var með Surtseyjardellu sem barn svo það er einstakt að geta farið í vinnuna og horft á Surtsey frá því áður en ég fæddist.“

Hrafnæping er haldið í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Urriðaholtstræti 6-8 í Garðabæ, og fer erindi Maríu Helgu fram klukkan 15.15 í dag. Því er jafnframt streymt á YouTube-rás stofnunarinnar. ■



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Edward Magni Scott
frá Fögrubrekku, Súðavík,
Þjóðbraut 1, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, föstudaginn 18. nóvember. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 25. nóvember klukkan 13. Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju: www.akraneskirkja.is

Jónína Sigfríður Karvelsdóttir
Eiríkur Valgeir, Dóra Björk, Eyþór Atli,
Gunnar Jóhannes, Lindberg Már
og fjölskyldur



Ástkæra umhyggjusama mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,
Sólveig Kristjánsdóttir
Dolla
áður til heimilis að Einilundi 4c,
Akureyri,

lést 19. nóvember á Heilsuvernd Hjúkrunarheimili. Fjölskyldan vill færa starfsfólki Aspar og Beykhiðar kærar þakkir fyrir alla þá góðvild og umhyggju sem henni var sýnd. Útförin fer fram í kyrrþey að hennar ósk.

Ómar Einarsson
Helga Einarsdóttir
Ester Einarsdóttir
Kristján Einarsson
Guðný Sigfríður Guðlaugsdóttir
Jostein Ingulfsen
Nói Björnsson
Ásta Björk Matthíasdóttir
börn, barnabörn og langómmubörn

Sr30

**STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA**



JÓLAFJÖR

MEÐ SÖLKU SÓL

**Jólatónleikar fyrir börn
og fjölskyldur þeirra**

Eiríkur Rafn Stefánsson stjórnar eigin útsetningum
þekktra jólalaga og allir geta sungið með.
Salka Sól verður sérstakur gestur ásamt barnakór.

► **4. DESEMBER**
► KL. 14.00
► **SILFURBERG**

Miðasala á **HARPA.IS** og **TIX.IS**

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Útkall Sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar. Fyrsti þáttur í annarri þáttaröð.
- 20.00 Bióbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennum bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Markaðurinn (e)

RÚV Sjónvarp

- 09.10 Leiðin á HM Bandaríkin og Marokkó.
- 09.40 HM upphitun
- 09.50 Marokkó - Króatía Bein útsending.
- 12.00 Leiðin á HM Belgía og Japan.
- 12.30 HM stofan
- 12.50 Þýskaland - Japan Bein útsending.
- 14.50 HM stofan
- 15.10 Leiðin á HM - liðin Spánn.
- 15.30 HM stofan
- 15.50 Spánn - Kosta Ríka Bein útsending.
- 17.50 HM stofan
- 18.10 Landakort Eikurnar á skógarbala.
- 18.15 KrakkaRÚV
- 18.16 Hæ Sámur
- 18.23 Vikingaprinsessan Guðrún
- 18.28 Lundaklettur
- 18.35 Hinrik hittir
- 18.40 Krakkafréttir
- 18.45 Lag dagsins Daði og Gagna-magníð - Think About Things.
- 18.52 Vikinglöttó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Kiljan
- 21.05 Svarti baróninn Baron Noir
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Uppgangur nasista Rise of the Nazis Önnur þáttaröð BBC um það hvernig nasistar komust til valda. Þýskaland var lýðræðisríki árið 1930. Fjórum árum seinna var landið orðið að lögregluríki þar sem ótti ríkti og ofsóknir voru daglegt brauð. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
- 23.15 HM kvöld
- 00.00 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil
- 12.40 The Late Late Show
- 13.25 Love Island Australia
- 15.00 The Block
- 16.00 American Housewife
- 16.25 Black-ish
- 17.00 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Love Island Australia
- 20.10 Survivor
- 21.00 New Amsterdam
- 21.50 Super Pumped
- 22.50 Guilty Party
- 23.20 The Late Late Show
- 00.30 Love Island Australia
- 01.00 Law and Order. Special Victims Unit
- 01.45 Chicago Med
- 02.30 The Resident
- 03.15 The Thing About Pam
- 04.00 Walker
- 04.45 Tónlist

Stöð 2

- 07.50 Heimsókn
- 08.10 The Mentalist
- 08.50 Bold and the Beautiful
- 09.15 Cold Case
- 09.55 Mr. Mayor
- 10.15 Masterchef USA
- 10.55 30 Rock
- 11.20 Um land allt
- 11.55 B Positive
- 12.20 Nágrannar
- 12.40 Ísskápastríð
- 13.25 Gulli byggir
- 14.00 Besti vinur mannsins Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem við höldum áfram að kynnst þeim hundategundum sem til eru á landinu.
- 14.25 Temptation Island USA
- 15.05 Kjötætur óskast
- 15.55 The Heart Guy
- 16.45 30 Rock
- 17.05 Last Week Tonight
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.25 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.15 Afbrigði Önnur þáttaröðin um fólk sem lifir óhefðbundnum lífsstíl, og gerir hluti sem eru út fyrir kassann.
- 19.40 Christmas in Harmony
- 21.10 The Good Doctor
- 21.55 Monarch
- 22.35 Unforgettable
- 23.20 La Brea
- 00.05 S.W.A.T.
- 00.45 Chucky
- 01.35 Rutherford Falls

Fjallað um vegferð krónunnar í Markaðnum

Már Wolfgang Mixa, lektor í fjármálum við Háskóla Íslands, fjallar um vegferð krónunnar nú um stundir í Markaðnum sem verður á dagskrá klukkan 19.00 á Hringbraut í kvöld, en flöktið á þeirri gömlu hefur verið nokkuð mikið að undanfögnu. Þá mun Elísa Arna Hilmarsdóttir, aðalhafgæðingur Viðskiptaráðs, mæta í þáttinn til að rýna í nýjustu vaxtaákvörðun Seðlabankans. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT
- 1 tilkall
 - 5 léleg
 - 6 í röð
 - 8 brenna
 - 10 tveir eins
 - 11 pláss
 - 12 rytja
 - 13 sókn
 - 15 vín
 - 17 stigi

- LÓÐRÉTT
- 1 slöngvi-kraftur
 - 2 hreinsað
 - 3 miski
 - 4 tormerki
 - 7 æfur
 - 9 merja
 - 12 gljáhúð
 - 14 stígur
 - 16 drykkur

LÁRÉTT: 1 krefa, 5 aum, 6 gh, 8 stíkna, 10 tt, 11 rum, 12 leif, 13 fram, 15 líkjör, 17 skali. LÓÐRÉTT: 1 kastafi, 2 rutl, 5 amli, 4 agnúl, 7 hamfari, 9 kremla, 12 lakl, 14 ris, 16 öl.

Sudoku

		3		7	4	2		9	3
							5	1	7
2			8		9	1		8	4
3		7						5	6
			8					7	9
2	5	6				1		2	8
		2			5	6		3	5
4			2					4	1
6	7	5	2	3	9	8		8	6
8	1	3	4	7	5	9	6	2	

			2	9	1		4	3
		7	3				2	
	3				6		9	
		2		8		5		
	5							
			9	1				6
5		3					7	
				9		6	8	
8				7	4			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Jólablaðið

Kemur út 2. desember næstkomandi.

Blaðið er fullt af skemmtilegu efni og þar má nefna viðtöl, mat, skreytingar, bakstur, innlit, föndur, jólagjafir og margt fleira.

Viltu auglýsa?

Hafðu samband í síma 550-5077 eða í tölvupósti á serblod@frettabladid.is





Luxaflex®

Luxaflex® Duette® gluggatjöld



Luxaflex Duette býður upp á hundruð mismunandi efna sem gerir það mögulegt að sameina áferðir, liti og flekabreiddir. Með Duette lausnum getur þú gert heimili þitt einstakt. Duette er hægt að fá rafstýrð með **Luxaflex Power View**. Komdu við í sýningarsal okkar að Víkurhvarfi 2 og skoðaðu möguleikana eða kíktu á www.zenus.is.

ZENUS | Víkurhvarfi 2 | 203 KÓPAVOGI | S: 554 2450 | www.zenus.is

ZENUS

Fá aldrei leið hvort á öðru

tsh@frettabladid.is

Gunnar Theodór og Yrsa Þöll eru rithöfundar og hjón. Þau deila skrifstofu en hafa enn sem komið er ekki lagt í það að skrifa bók saman.

Rithöfundahjónin Gunnar Theodór Eggertsson og Yrsa Þöll Gylfadóttir eru bæði með bækur í jólabókaflóðinu þetta árið. Þau eru einkar samheldin og eru með sameiginlega skrifstofu þar sem þau skrifa bækur fyrir fólk á öllum aldri.

„Já, það var ekki nóg fyrir okkur að deila heimili og eiga saman þrjú börn og kött. Okkur vantaði enn fleiri samverustundir!“ segir Yrsa um samlífið.

Sjö nýjar bækur í ár

Yrsa er bæði skáldsagna- og barna-bókahöfundur, en í ár komu út þrjár nýjar bækur í bókaröðinni Bekkurinn minn og fjórar léttlestrarútgáfur af fyrri bókum, sem hún vinnur í samstarfi við teiknarann lðunni Örnu.

Nýjasta bókin er sú sjötta í seríunni og heitir Jólaleikritið en þar segir frá Unni Leu sem skrifar jólaleikritið í bekknum sínum, leikstýrir því og leikur aðalhlutverkið.

„Hún er leikarabarn, alin upp í leikhúsinu og býst við því að leikritið hennar verði á pari við allt það sem hún hefur séð, er með gifurlegar væntingar og kröfur á alla í kringum sig. En að sjálf sögðu fer ekki allt að óskum.“

Bjó til heim frá grunni

Gunnar Theodór sendi nýlega frá sér bókina Næturfrost sem er önnur bókin í bókaröðinni Furðu-fjall, spennandi og ríkulega myndskreyttir ævintýraseríu fyrir börn og unglinga. Gunnar hefur skrifað fjölda ævintýrabóka fyrir börn og ungmenni en þetta er í fyrsta skipti sem hann skapar nýjan ævintýraheim alveg frá grunni.

„Ég hef aldrei búið til heim frá grunni áður, þó að ég náttúrlega byggji hann að miklu leyti á okkar heimssögu og samtíma. Þetta er

líka í fyrsta skiptið sem ég hef getað unnið ævintýrabók í samstarfi við teiknara, við listakonu sem heitir Fífa Finnsdóttir. Um leið og hún byrjaði að skissa ákveðnar persónur í fyrstu bókinni bætti hún við frá sjálfri sér ákveðnum hlutum inn á myndina sem síðan urðu að stórum plottpunktum í bókinni af því mér fannst það svo heillandi,“ segir hann.

Gunnar bætir því við að það hafi verið einkar skemmtilegt að fá að gera bók með heimskorti fremst eins og finna má í flestum góðum fantasíubókum.

„Loksins fékk ég að hafa kort! Það var svo gaman að geta séð heiminn svona vel fyrir sér,“ segir hann.

Sitja þétt saman

Hjónin eru með sameiginlega vinnustofu í Hafnarhúsinu og segja þau vinna einkar vel saman.

„Hér sitjum við þétt saman,“ segir Gunnar.

Spurð um hvort þau fái ekkert leið hvort á öðru segir Gunnar svo ekki vera.

„Við erum vanalega með þrjú börn í kringum okkur, þannig að við fáum ekkert oft að vera bara tvö. Og með þessu móti höldum við hvort öðru ágætlega við efnið. Við erum samt lítið að skiptast á skoðunum og vitum yfirleitt mjög lítið um handrit hvort annars fyrr en fyrsta uppkast liggur fyrir.“

Yrsa tekur í sama streng. „Svo eru ótvíræðir kostir við að deila skrifstofu með Gunnari. Hann er til dæmis miklu duglegri að standa upp og laga kaffi eða bjóða manni snarl, eitthvað sem ég gleymi alltaf að spá í.“

Lásu upp fyrir heilan skóla

Gunnar og Yrsa eru bæði einkar afkastamikil en Gunnar hefur sent frá sér tíu barnabækur og eina skáldsögu fyrir fullorðna. Yrsa hefur á skömmum tíma jafnað Gunnar með barnabækurnar, auk þess sem hún hefur skrifað þrjár skáldsögur fyrir fullorðna. Spurð hvort það örli á samkeppni á heimilinu, segir Gunnar:

„Ég myndi nú ekki segja það. En



Hjónin og rithöfundarnir Gunnar Theodór og Yrsa Þöll deila skrifstofu í Hafnarhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við erum vanalega með þrjú börn í kringum okkur, þannig að við fáum ekkert oft að vera bara tvö. Og með þessu móti höldum við hvort öðru ágætlega við efnið.“

Gunnar Theodór Eggertsson

báðir foreldrar mínir eru rithöfundar, pabbi var sagnfræðingur og mamma skrifar bæði sagnfræði og skáldskap, þannig að kannski dróst ég ómeðvitað að barnabókunum, til að forðast samkeppni.“

„En svo byrjaði ég að skrifa barnabækur og eyðilagði allt!“ segir Yrsa, en dregur svo úr. Að hennar sögn ríkir alls engin samkeppni á milli þeirra, þau skrifa líka svo ólíkar bækur og enn sem komið er fyrir ólíkan aldur.

„Við höfum einu sinni farið í skóla þar sem ég gat lesið fyrir alla yngri bekkina og Gunnar fyrir þá eldri. Þá náðum við að dekkja allt grunn-skólastigið.“

Hafa aldrei skrifað bók saman
Hafið þið ekkert pælt í því að skrifa bók saman?

„Jú, en ekki á sérstaklega alvarlegum nótum. Við höfum ekki sest niður og plottað neitt enn þá,“ segir Yrsa.

Gunnar segir það samt vel koma til greina. „Við skrifum auðvitað mjög ólíkar bækur, Yrsa er miklu meira í raunsæinu og hversdagsleikanum og ég er meira í fantasíum og hryllingi. Það væri áhugavert að prófa að hræra þessu öllu saman.“

Hann bætir því við að sér hafi eitt sinn dottið í hug að skrifa bók með Yrsu í anda furðusagnahjónanna C.L. Moore og Henry Kuttner sem skrifuðu fjölda bóka saman undir ýmsum dulnefnum.

„Sagan segir að þau hafi verið með ritvél á heimilinu og hafi bara skipst á að setjast niður. Hvorki þau né fræðimenn geta séð hver skrifaði hvað í sögunum sem þau gerðu saman, þau voru svo samstillt. Ég man eftir að hafa lesið þetta, stofnað eitthvert Google Docs-skjal og sent þér hlekk.“

„Það er óhreyft af minni hálfu, þetta Google Docs-skjal,“ segir Yrsa og hlær. „Kannski þurfum við bara að fá okkur ritvél?“ ■

Hallelúja en engin helgislepja

TÓNLIST

Messías eftir Händel
Mótettukórinn og Alþjóðlega barokksveitin í Reykjavík undir stjórn Harðar Áskelssonar
Einsöngvarar: Berit Norbakken, Alex Potter, Elmar Gilbertsson og Oddur A. Jónsson
Eldborg í Hörpu
sunnudaginn 20. nóvember

Jónas Sen

Ég er ekki viss um að fólk standi upp í Hallelúja-kaflanum í Messíasi eftir Händel vegna þess að kóngur þurfti að pissa.

Sú saga er til um George II. að hann hafi þurft svo mikið að komast á klósettið þegar Messías var fluttur að hann hafi staðið upp á vitlausum stað. Það var í Hallelújakaflanum, en þá var verkið samt ekki búið. Þegar kóngurinn stóð upp þá risu allir á fætur. Síðan þá spretta allir upp þegar Hallelújakaflinn hefst.

Sannleikurinn er sá að enginn veit af hverju fólk ris úr sætum sínum á þessum tímapunkti í tónlistinni. Fólk reis oft úr sætum þegar kraftmiklir kórkaflar byrjuðu í ámóta tónsmíðum í gamla daga. Sennilegast er það bara vegna þess hversu tónlistin er flott og tignarleg. Hvað



Mótettukórinn undir stjórn Harðar Áskelssonar flutti Messías eftir Händel í Hallgrímskirkju.

MYND/ADSEND

myndi maður ekki gera ef himnarnir opnuðust og sjálfur Guð almáttugur opinberaði dýrð sína?

Enginn reis á fætur

Aldrei þessu vant reis þó enginn á fætur í Eldborg í Hörpu á sunnu-

daginn. Hallelújakaflinn var engu að síður þrýðilegur í flutningi Mótettukórsins og Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Reykjavík undir öruggri stjórn Harðar Áskelssonar. En hann var finlegri en maður hefur oft upplifað. Hljómsveitin spilaði

Í það heila var Messías skemmtilegur, flutningurinn var fullur af andstæðum.

á svokölluð barokkhljóðfæri, sem eru eldri gerðir nútímahljóðfæra. Hljómurinn í þeim er mildari, og í sumum tilfellum mjórri. Kórinn var líka ekkert sérlega stór, svo heildaráferðin var ekki eins voldug og oft áður.

Messías er svokölluð óratória, en það er trúarlegt tónverk þar sem helgitekti er settur í tónrænan buning frásagnar og hugleiðingar. Í Messíasi er hugleitt hvernig mannkynið frelsaðist fyrir son Guðs. Tónlistin er þó engin helgislepja, þvert á móti á hún margt sameiginlegt með óperum. Í henni eru ariur, söngles og kóratriði, og það er gjarnan mikið drama í frásögninni.

Finir einsöngvarar

Túlkunin á sunnudaginn var lífleg. Hljómsveitin spilaði langoftast af öryggi og einsöngvararnir voru frábærir. Það var unaður að hlusta á sópransöngkonuna Berit Norbakken. Frammistaða kontratenórsins Alex Potter var líka aðdáunarverð, og sömu sögu er að segja um tenórinn Elmar Gilbertsson og bassann Odd A. Jónsson.

Söngur kórsins kom ágætlega út. Mótettukórinn fagnar fjörutíu ára afmæli um þessar mundir. Hingað til hefur undirritaður bara heyrt hann í Hallgrímskirkju. Gaman var að hlýða á hann í Eldborginni. Hallgrímskirkja er mjög gallað tónleikahús, endurómurinn þar er svo mikill. Hérna naut fagur kórsöngurinn sín til fulls, hann var bæði tær og glæsilegur.

Í það heila var Messías skemmtilegur, flutningurinn var fullur af andstæðum, allt frá hamslausum tilfinningasprenjum niður í ofur veikar, innhverfar hugleiðingar. Tónleikarnir voru þó ógnarlega langir, heilir þrír tímar með hléi. Messías er oft fluttur eilítið stytur, og hefði að ósekju mátt gera það hér. Það hefði gert góða tónleika enn betri. ■

NIÐURSTAÐA: Messías eftir Händel var magnaður.

Desember tilboð

H1
Rafmagnsborð



49.900 kr.
ALLAR STÆRÐIR - ALLIR LITIR
MINNISSTYRING INNIFALIN

P90
Skrifborðsstólar



TILBOÐ **69.900 kr.**
LISTAVERÐ 123.900 KR.

Dealer
Skrifborðsstólar



TILBOÐ **19.900 kr.**
LISTAVERÐ 31.900 KR.

UNI 550
Stólar



TILBOÐ **25.900 kr.**
LISTAVERÐ 39.900 KR.

SNAP
Stólar



TILBOÐ **25.900 kr.**
LISTAVERÐ 34.900 KR.

ErgoMedic
Skrifborðsstólar



TILBOÐ **169.900 kr.**
LISTAVERÐ 249.900 KR.

www.hirzlan.is



RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 - Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is

Mandarínan, jólaölið og hin sívinsæla piparkaka. Hinir árlegu gestir sem kæta Íslendinga í lok árs þegar skammdegið faðmar hversdaginn og sleppir ekki takinu fyrr en eftir áramótin.

ninarichter@frettabladid.is

Íslendingar eru hrifnir af piparkökum og sannast það best þegar titið er yfir samfélagsmiðlanotkun landans í nóvember og desember og þau hundruð færslna sem snúa að piparkökuneyslu.

Saga piparkökunnar
Piparkökur tilheyra tegund

Eina litla teskeið pipar

kryddbrauða sem innihalda krydd á borð við kanil og engifer. Uppruninn er nokkuð áreiði. Ein sagan segir að piparkökuuppskriftin hafi borist til vestursins í kringum árið 922 með armenskum munk, Gregoriusi frá Nicopolis. Nicopolis var þar sem í dag er Vestur-Grikkland og á Gregorius að hafa tekið uppskriftina með sér til Frakklands. Svíar hafi farið að gera piparkökur á 12. öld og í framhaldinu hafi uppskriftin borist þaðan um hin Norðurlöndin og til

Bandaríkjanna.

Engifer kemur frá Asíu og í grein Smithsonian Magazine um málið er talið mögulegt að uppskriftin hafi borist til Evrópu með krossförum sem ferðuðust norður frá austurluta Miðjarðarhafs á 11. öld.

Piparkakan sló í gegn í Evrópu á miðöldum og varð að feiknavinsælu fyrirbæri á hátíðum, svo mjög að sérstakar piparkökuhátíðir voru haldnar í nokkrum borgum í Frakklandi og á Englandi. Ógiftar





stúlkur gáfu eftirlætis riddaranum sínum piparköku sem átti að færa þeim gæfu á burtreiðum og þær snæddu jafnvel piparkökukarl í þeirri hjátrú að það myndi hjálpa þeim að landa glæstum eiginmanni. Höfuðskáld Englendinga William Shakespeare orti síðan um piparkökuna árið 1598, að ef hann ætti tókall myndi hann eyða honum í piparköku.

Blámygla frá Noregi
Í Noregi er viðtekið sú hefð að

snæða blámygluost ofan á kökunni, og hafa margir Íslendingar tekið upp siðinn á síðustu árum, samlöndum sínum ýmist til ánægju eða hryllings.

Hægt er að kaupa tilbúna piparkökur í flestum stórmörkuðum, eða baka sínar eigin. Margar íslenskar fjölskyldur koma saman á þessum árstíma og skreyta kökurnar með glassúr, og er það skemmtilegt hópefli fyrir sækera á öllum aldri. Svo má auðvitað byggja hús úr piparkökum.

Við litum yfir brot af skemmtilegum tístum Íslendinga um piparkökuna, frá nokkurra ára tímabili. Þar má m.a. finna sniðuga aðferð til að baka litla Yoda. ■





Nú er það svart

Fjöldi tilboða – allt að 50% afsláttur



Verð áður 25.900 kr. / **Tilboð: 16.900 kr.**



Verð áður 39.900 kr. / **Tilboð: 23.900 kr.**



Verð áður 28.900 kr. / **Tilboð: 17.900 kr.**



Verð áður 9.995 kr. / **Tilboð: 6.995 kr.**



Verð áður 39.800 kr. / **Tilboð: 29.800 kr.**



Verð áður 22.900 kr. / **Tilboð: 12.900 kr.**

Langskip draga bíla safngesta í sjóinn

ninarichter@frettabladid.is

Nýstárlegt skilti fyrir utan Þjóðminjasafnið hefur vakið athygli, þar sem langskip dregur fólksbíl út í sjó. Hönnunin kemur frá auglýsingastofunni Aton.JL. og eru það Sigurður Oddsson, Viktor Weishappel og Albert Munoz sem eiga heiðurinn af hönnuninni. Samskiptastjóri Þjóðminjasafnsins segir skiltið til þess gert að tryggja gestum safnsins bílastæði. ■



Skiltið sem gleður og þjónar gestum.

Bríet hannar poppstjörnubol og leggur í ferð til Færeyja

Tónlistarkonan Bríet hannaði poppstjörnubol, egó-bol eins og hún kallar hann, sem er til sölu í versluninni Rammagerðinni. Bríet er á leiðinni til Færeyja um helgina þar sem hún heldur þrenna tónleika.

ninarichter@frettabladid.is

Rammagerðin hefur tekið í sölu boli sem eru afrakstur samstarfsverkefnis með söngkonunni Bríeti. Verkefnið hófst fyrir tveimur árum. „Ég fór í myndatöku fyrir svolitlu síðan og nýtti mér þær myndir í að gera svona poppstjörnubol. Egó-bol með mynd af sjálfri mér,“ segir Bríet. Bríet leggur áherslu á að hún snerti við öllum sköpunarþáttum sem tengjast tónlistarferlinum. „Varðandi tónleika, átfitt og kóreógrafi,“ segir hún. „Ég vil vera partur af hverju skrefi og beina efninu í þá átt sem ég vil að þetta fari.“

Verður að trúa á vöruna
Söngkonan segist hanna öll sín fót með Sigríði Ágústu Finnbogadóttur. „Þar er ómetanlegt samstarf,“ segir hún. Hvað söluvarninginn varðar hannar Þorgeir Blöndal þar vörur en Bríet kys að vera partur af því ferli einnig. „Ég veit hvernig þetta fer fram og veit hvernig ég vil hanna hlutina,“ segir hún. „Af því að á endanum er þetta undir mínu nafni og er eitthvað sem fólk tengir við mig og minn karakter. Þá þarf ég að trúa á það sjálf, áður en ég er að fara að selja það til neytandans.“ Bríet leggur áherslu á að hún sjálf þurfi að vera sátt. „Svo að þetta sé ekki bara eitthvað. Svo að þetta sé persónulegt og fólk liði eins og ég sé ekki bara að reyna að græða á því, heldur sé þetta gert til að hafa áhrif og breyta því hvernig hlutir hafa verið. Maður getur haft svo mikil áhrif þegar maður gerir eitthvað vel,“ segir hún.

Nýtt plakat í hverju upplagi
Vinylframleiðsla fyrir tveimur árum er að sögn Bríetar dæmi um slíkt verkefni. „Þá langaði mig að gera eins mikið og hægt var með þeim pening sem var til þá. Að hafa plakat inni í þeim vinyl og að alltaf þegar kæmi nýtt upplag væri sitt hvert plakatið. Það væri eitthvað sem fólk tekur ekki endilega eftir eða veit af, en svo kannski myndi fólk átta sig á því. Einhver þannig gleði,“ segir hún. Umræðan um kolefnisspor tiskubransans verður sífellt háværrari. Bríet segist meðvituð

Bríet hefur gríðarlegan áhuga á hönnun og hannaði bol með mynd af sjálfri sér á dögnum.

MYND/
AÐSEND

”

Á endanum er þetta undir mínu nafni og er eitthvað sem fólk tengir við mig og minn karakter. Þá þarf ég að trúa á það sjálf, áður en ég er að fara að selja það til neytandans.

Bríet

um þann þátt og hafa síðan í æsku sótt mikið í notuð fót. Hvatinn hafi verið sá að vilja ekki klæða sig eins og allir aðrir. „Út frá því að vera að performera var þessi tilfinning, hvernig get ég búið eitthvað til sem verður nýtt fyrir augað? Þá var þetta, að taka gömul fót og klippa þau í sundur og búa til nýtt úr því,“ segir Bríet, að hvort tveggja sé það leið til að skapa eitthvað í stað þess að kaupa fjöldaframleiddan varning úr búð. „Heldur eitthvað sem er þá endurnýtt og er ekkert hægt að fá annars staðar. Ég reyni mitt besta til að versla ekki við búðir sem eru í þessari svakalegu fjöldaframleiðslu, sem maður veit að börn eru á bak við,“ segir Bríet og vísar í óhuggulegan veruleika verksmiðjuframleiðslu textílnaðarins. „Maður reynir sitt allra besta. En svo er bara ákveðið mikið sem maður getur gert sjálfur,“ segir hún og leggur áherslu á mikilvægi þess að styðja litil fyrirtæki þó að það geti oft verið dýrara.“

Færeyjar og norðurferð
Það er nóg fram undan hjá Bríeti, meðal annars ferð til Færeyja. „Ég er að spila gíg í Færeyjum um helgina. Maður frá Færeyjum hafði samband og spurði hvort ég hefði áhuga.“ Bríet hélt það nú aldeilis. „Ég ætla að taka þrenna tónleika: Í Þórshöfn, Syðri-Götu og í Vágum. Ég hef aldrei farið áður og þetta verður mjög áhugavert, ég hlakka til.“ Þá er jólatónleikahald á dagskrá hjá Bríeti, í Fríkirkjunni í Reykjavík annars vegar, og uppselt er á þá tónleika. Hins vegar í Hofi á Akureyri og segir söngkonan að enn sé nóg til af miðum fyrir norðan. ■



BLACK FRIDAY

20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM* VÖRUM ALLA VIKUNA

35% AFSLÁTTUR AF HORSENS

35% AFSLÁTTUR AF HORSENS

35% AFSLÁTTUR AF HORSENS

35% AFSLÁTTUR AF HORSENS

35% AFSLÁTTUR AF HORSENS

35% AFSLÁTTUR AF HORSENS

VEFVERSLUN www.betrabak.is OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð og ekki af vörum frá Hästens.

FAXAFENI 5 DALSBRAUT 1 SKEIDI 1

Reykjavík Akureyri Ísafirði

588 8477 588 1100 456 4566

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolbeinn@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFTIR: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is TIMAMÖTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

NS
NÓI SÍRÍUS

Hver er þér svo kær?

Á hátíðum og hvers kyns hamingjustundum jafnast einfaldlega ekkert á við konfekt.
Gefðu þeim sem er þér svo kær gleðistundir með ljúffengu konfekt frá Nóa Síríus.

Gott að gefa, himneskt að þiggja!



NÓI
Konfekt

Bakpankar

Láru G.
Sigurðardóttur

Mannhaf

„Hvenær kemur svo stelpa?“ var algeng spurning sem ég fékk eftir að hafa komið þremur drengjum í heiminn með stuttu millibili og það ekki þrautalaust. Lengi vel langaði mig að eignast fimm börn, en þar kom kyn ekki málinu við.

Síðastliðna öld hefur fjöldi jarðarbúa skotist upp á methraða. Fyrr í mánuðinum rauf mannkynið átta milljarða múrinn, sem er tvöföldun mannkyns á þeim „örfáu árum“ sem eru liðin síðan ég fæddist. Þá varð mannkynið tveir milljarðar árið 1927, en lengst af í mannkynssögunni var það undir milljarði. Nokkrar ástæður eru fyrir þessari gríðarlegu fjölgun. Lífaldur hækkaði samhliða framförum í lækna- og lýðheilsuvísindum – fyrir rúmri öld var meðalaldur einungis um 50 ár. Í upphafi nítjándu aldar uppgötvuðu svo þýsku vísindamennirnir Fritz Haber og Carl Bosch leið til að beisla köfnunarefni úr andrúmsloftinu til matvælaræktunar. Uppgötvun þessi gerði bændum kleift að fæða þrjá milljarða manna aukalega og er ein ástæða þess að í stað hungursneyðar eru mörg ríki nú að kljást við offitu.

Á meðan við höfum nú áhyggjur af hvað skal elda, frekar en hvort við fáum yfirhöfuð mat, berast milljónir tonna af köfnunarefni frá framleiðsluverksmiðjum í ár, stöðuvötn og strendur. Með því fjölgar þörungum ört, sem myndar mökk á vatnsyfirborðinu. Við það kafna fiskarnir í vatninu og fuglarnir sem nærast á fiskum drepast líka. Hið tilbúna köfnunarefni berst síðan í loftið og kemur niður til jarðar sem súrt regn – sem skaðar enn frekar lífríkið.

Börn eru dásamlegar mannverur, en eftir að hafa lesið bókina „Pandora’s Lab“ eftir lækninn Paul A. Offit hef ég aldrei verið sannfærðari um að þrjú eru yfirdrifið nóg. ■

pappír
umhverfið
prentun

LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is

ICELANDAIR

Gefðu frí um jólin,

Verður gjöfin þín gjöfin þín?

Gefðu vini, fjölskyldu eða ástinni fallega gjöf sem skapar dýrmætar minningar — ein gjöf opnar yfir 40 dyr út í heim. Eða kemur þér á milli landsfjórðunga.

Allir sem kaupa gjafabréf frá okkur fram að Þorláksmessu gætu unnið 500.000 kr. gjafabréf.

Kauptu þína gjöf á icelandair.is/gjafabref